



Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð

Átaksverkefni gegn líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi
gagnvart börnum

Guðrún Edda Bjarnadóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð

Átaksverkefni gegn líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi

gagnvart börnum

Guðrún Edda Bjarnadóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðsögukenndari: Berglind Rós Magnúsdóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA prófs í uppeldis- og menntunarfræði. Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

© Guðrún Edda Bjarnadóttir 2014

Prentun: Bóksala kennaranema
Reykjavík, 2014

Ágrip

Í skýrslunni er leitast við að varpa ljósi á ávinning leiksýningarinnar *Krakkarnir í hverfinu*. Brúðuleikhúsið *Krakkarnir í hverfinu* er leikþáttur þar sem brúður eru notaðar til að fræða börn um ofbeldi og mikilvægi þess að segja frá því. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort og þá hvaða áhrif leiksýningarnar hafa haft á skólasamfélagið. Leitað verður svara við þessum rannsóknarspurningum: *Hvaða áhrif hefur sýningin haft á skólasamfélagið og einstaka nemendur út frá gögnum leikstjóra Brúðuleihússins? Er hægt að sjá mun á tilvikum á milli ára, bæði varðandi fjölda og mun á milli kynja út frá gögnunum?*

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að ofbeldi gagnvart börnum á Íslandi er mikið og hefur sýningin þau áhrif að hún opnar umræðuna og auðveldar börnum að segja frá ofbeldinu. Einnig benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að sýningin hefur haft mikil áhrif á skólasamfélagið að því leyti að kennarar eru meðvitaðri um hvernig þeir eigi að bregðast við ef upp kemst um ofbeldi í kjölfar sýninganna *Krakkarnir í hverfinu*.

Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar var töluverð fjölgun á milli ára á tilvikum um grun um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi, alls komu fram 100 tilvik árið 2012 en árið 2013 voru þau 201. Þó verður að hafa í huga að mun fleiri sýningar voru árið 2013 en árið 2012 og því ekki hægt að segja nákvæmlega til um hversu mikil raunveruleg aukning er. Bæði árin var algengara að strákar yrðu fyrir ofbeldi en árið 2012 voru 44 tilvik þar sem um var að ræða stráka en 31 tilvik þar sem um var að ræða stelpur. Alls voru 25 tilvik þar sem ekki var greint frá kyni barns. Árið 2013 voru 72 tilvik þar sem um var að ræða stráka en 63 tilvik þar sem um var að ræða stelpur. Alls voru 66 tilvik þar sem ekki kom fram kyn barns. Ljóst er að mikil vitundarvakning hefur orðið í skólasamfélaginu um það ofbeldi sem börn verða fyrir og samkvæmt gögnunum sem safnað var hefur sýningin haft vekjandi áhrif á kennara og sérfræðinga.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Efnisyfirlit.....	4
Myndaskrá.....	5
Formáli.....	6
1 Inngangur.....	7
2 Rannsóknir á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.....	9
2.1 Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis gegn börnum.....	9
2.2 Réttindi barna.....	12
3 Að segja frá – aðferðir og vinnubrögð.....	14
3.1 Persónubrúður.....	15
3.2 Forvarnarverkefnið <i>Kids on the block</i>	17
3.3 Viðhorf kennara gagnvart sýningunni <i>Krakkarnir í hverfinu</i>	20
4 Aðferðafræði.....	22
4.1 Rannsóknaraðferðir og framkvæmd rannsókna.....	22
4.2 Þátttakendur.....	23
4.3 Gagnasöfnun og úrvinnslan gagna.....	24
4.4 Siðferðileg álitamál.....	25
5 Niðurstöður.....	27
5.1 Saga verkefnisins.....	27
5.1.1 Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum...28	
5.1.2 Samstarf Barnaverndar og félagsþjónustunnar við verkefnið.....	30
5.2 Innihaldsgreining skýrslna.....	31
5.3 Upplifun kennara.....	38
5.4 Ávinningur sýninganna.....	40
6 Niðurstöður og umræða.....	42
7 Lokaorð.....	46
8 Heimildaskrá.....	48
Viðauki 1 Sýnishorn af útfylltum skýrslum leikstjóra Brúðuleikhússins.....	52

Myndaskrá

Mynd 1 Munur á milli ára á aðkomu barnaverndar	32
Mynd 2 Munur á milli ára á tilvikum um grun um heimilisofbeldi.....	34
Mynd 3 Munur á milli ára á tilvikum um grun um líkamlegt ofbeldi	35
Mynd 4 Munur á milli ára á tilvikum um grun um kynferðislegt ofbeldi	36
Mynd 5 Munur á milli ára á tilvikum um grun um andlegt ofbeldi	37
Mynd 6 Munur á milli ára á tilvikum um grun um vanrækslu.....	37

Formáli

Þessi rannsóknarskýrsla er verkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Berglind Rós Magnúsdóttir og vil ég færa henni innilegar þakkir fyrir dygga aðstoð, uppbyggilega gagnrýni og mikla hvatningu í þessu ferli. Mig langar að senda þakkir til foreldra minna og fjölskyldu fyrir dyggan stuðning og endalausa hvatningu á meðan á námi mínu stóð og hefur það gert mér enn og aftur ljóst hversu ómetanlegt það er að eiga gott bakland.

Ég vil sérstaklega þakka unnusta mínum Sævari Gíslasyni og börnum okkar, Sylvíu Rut og Gabriel Gísla, fyrir einstaka þolinmæði og hvatningu í náminu síðastliðin þrjú ár. Einnig vil ég þakka Rakel Heimisdóttur, Heiðu Rut Ingólfssdóttur og systur minni, Ágústu Kristínu Bjarnadóttur, fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar við gerð þessarar ritgerðar. Að lokum vil ég þakka viðmælendum mínum fyrir þátttökuna og fyrir að deila með mér þeirra viðhorfum og hugsunum.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, _____._____ 20__

1 Inngangur

Frá byrjun árs 2008 hefur Ísland verið aðili að samningi Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu gagnvart börnum en með samningnum er íslenskum stjórnvöldum skylt að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum. Meginmarkmið samningsins er að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu gagnvart börnum á alþjóðavísu og gert er ráð fyrir sérstöku eftirlitskerfi sem samanstendur af nefnd samningsaðilanna sem ætlað er að fylgjast með framkvæmd samningsins. Með samningnum eru íslensk stjórnvöld því hvött til vitundarvakningar um ofbeldi gagnvart börnum og að fræðslu um ofbeldi sé beint að börnum og þeim aðilum sem eiga samskipti við börn (Vitundarvakning, e.d-c).

Í framhaldi af undirritun samningsins gerðu innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti með sér samning um verksvið Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Markmið Vitundarvakningarinnar er meðal annars að fræða börn og starfsfólk grunnskóla um eðli kynferðislegs ofbeldis og þær afleiðingar sem þær geta haft í för með sér (Vitundarvakning, e.d-d). Í kjölfarið gerði Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum samning við brúðuleikarana Hallveigu Thorlacius og Helgu Arnalds um að sýna næstu þrjú árin sýninguna *Krakkarnir í hverfinu* fyrir öll börn í sjö ára bekk í grunnskólum landsins. *Krakkarnir í hverfinu* er leikþáttur þar sem brúður eru notaðar til að fræða börn um ofbeldi og mikilvægi þess að þau segi frá (Vitundarvakning, e.d-b). Brúðurnar ræða saman í sýningunni um það sem þær sjálfar hafa lent í en með því að nota brúður til að tala við og svara spurningum barnanna er oft hægt að ná betur til þeirra (Brown, 2001).

Eitt af hverjum fimm börnum verður fyrir kynferðislegu ofbeldi í einhverri mynd samkvæmt tölfræði Evrópuráðsins og má því gera ráð fyrir að í bekk þar sem eru 30 börn séu sex börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Það er því óhætt að halda því fram að kynferðislegt ofbeldi ógni lífi og heilsu barna um heim allan. Þrátt fyrir að ein af mestu ógnum sem steðjar að íslenskum börnum sé kynferðislegt ofbeldi kemur þó fram í nýlegri

skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna að afar litlu fjármagni sé varið til forvarna gegn slíku ofbeldi í samanburði við til að mynda forvarnir gegn vímuefnanotkun. Því er átak Evrópuráðsins gegn kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri misneytingu gagnvart börnum kjörið tækifæri fyrir íslensk stjórnvöld til að efla forvarnir í þessum málaflokki (Lovísa Arnardóttir, 2013).

Markmið þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á ávinning sýningarinnar *Krakkarnir í hverfinu* og hvaða áhrif sýningin hefur haft á skólasamfélagið. Rannsóknarspurningar eru þessar: *Hvaða áhrif hefur sýningin haft á skólasamfélagið og einstaka nemendur út frá gögnum leikstjóra Brúðuleikhússins? Er hægt að sjá mun á tilvikum á milli ára, bæði varðandi fjölda og mun á milli kynja út frá gögnunum?*

Ritgerðin skiptist í sjö kafla með inngangi. Í öðrum kafla verður gerð grein fyrir fræðilegum grundvelli rannsóknarinnar þar sem fjallað verður um afleiðingar kynferðislegs ofbeldis gegn börnum sem og þau réttindi sem börn hafa. Í þriðja kafla verður fjallað um þær aðferðir og vinnubrögð sem börn nota til þess að segja frá því ofbeldi sem þau verða fyrir. Einnig verður greint frá notkun persónubrúða sem frásagnaraðferð og uppruni forvarnarverkefnisins *Kids on the block (Krakkarnir í hverfinu)* verður kynnt. Stuttlega verður svo rætt um helstu niðurstöður rannsóknar á mati kennara á forvarnarverkefninu *Krakkarnir í hverfinu* hér á landi sem kom út í byrjun árs 2014.

Í fjórða kafla verður gerð grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem er á bak við þessa rannsókn þar sem meðal annars verður fjallað um rannsóknaraðferðir og framkvæmd, þátttakendum rannsóknarinnar og hvernig gagnasöfnun fór fram, sem og úrvinnsla gagnanna. Einnig verður stuttlega sagt frá siðferðilegum álitamálum sem tengjast þessari rannsókn. Í fimmta kafla verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar og þeim skipt niður í fjóra undirkafla. Að endingu verða svo helstu niðurstöður rannsóknarinnar teknar saman og rannsóknarspurningunum, sem settar voru fram í upphafi, svarað.

2 Rannsóknir á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum

Í þessum kafla verður fjallað um fræðilegan grundvöll rannsóknarinnar. Í fyrri hluta kaflans verður gerð grein fyrir þeim afleiðingum sem kynferðislegt ofbeldi getur haft í för með sér og þeim skyldum sem snúa að almenningi um grun um slíkt ofbeldi. Mikil vakning hefur orðið í samfélaginu síðastliðin ár um tíðni kynferðislegs ofbeldis á Íslandi en ofbeldi gagnvart börnum er veruleiki sem almenningur þarf að gera sér grein fyrir og þurfa því allir að vera á varðbergi gagnvart því og tilkynna það til viðeigandi aðila. Einnig er greint frá réttindum barna og hvernig hægt er að sporna gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum og skapa öruggan farveg fyrir þau börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi til að segja frá og fá viðeigandi aðstoð.

Í síðari hluta kaflans er greint frá því hvað veldur því að börn segi frá því ofbeldi sem þau verða fyrir og hvernig bregðast skuli við frásögnum þeirra. Meðal annars verður skýrt frá persónubruðum sem frásagnaraðferð en með því að nota persónubruður er hægt að efla lífsleikni barna, þjálfa samskiptafærni og byggja upp sjálfstraust og þar með styrkja þau í að tjá tilfinningar sínar (Brown, 2001). Einnig verður greint frá forvarnarverkefninu *Krakkarnir í hverfinu* en það á uppruna sinn að rekja til Bandaríkjanna og heitir þar *Kids on the block*. Að lokum verður greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var hér á landi og framkvæmd af Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd og fjallar um mat kennara á leiksýningunum *Krakkarnir í hverfinu*. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort leiksýningin hafi leitt til aukinnar umræðu í grunnskólum landsins um ofbeldi gagnvart börnum og hvort sýningarnar hafi orðið til þess að auka þekkingu kennara og annarra starfsmanna á einkennum kynferðislegs ofbeldis (Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2014).

2.1 Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis gegn börnum

Börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi geta meðal annars þurft að takast á við félags- og tilfinningalega erfiðleika í kjölfarið. Þessi börn hafa oft lágt sjálfsmat, upplifa vonleysi og jafnvel hjálparleysi sem gerir það að verkum að þau upplifa sjálfsásakanir og eiga erfitt með að treysta fólki. Kynferðislegt ofbeldi er ógnvænlegt og niðurrífandi í eðli sínu og

getur því auðveldlega haft áhrif á tilfinningar eins og hræðslu og kvíða. Samkvæmt rannsóknum er áfallastreituröskun mjög algeng meðal barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Áfallastreituröskun er geðöskun sem getur þróast í kjölfar þess að einstaklingur upplifir ákveðinn atburð sem felur í sér mikinn ótta eða hjálparleysi. Röskunin lýsir sér oftast sem endurteknar martraðir, kvíði, mikil hræðsla og vandamál tengd einbeitingu en einnig getur oft fylgt mikil vanlíðan og jafnvel svefntruflanir (American psychiatric association, 2000). Áfallastreituröskun getur bæði haft skammtíma- og langtímaáhrif á einstaklinga sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi, en margir þolendur kljást við ofbeldið á eldri árum í einhvers konar afturhvarfi. Því hefur verið haldið fram að þeir sem verði fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku séu líklegri til að verða sjálfir gerendur þegar þeir verða eldri. Sumir fræðimenn hafa bent á að ekki sé nóg til af fræðilegum rannsóknum sem styðji við þær fullyrðingar og jafnvel þó svo að lítill hluti þeirra sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi verði gerendur verði mun stærri hluti það ekki (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Margir þolendur kynferðislegs ofbeldis þjást af mikilli reiði. Þessi mikla reiði getur kallað fram slæmar tilfinningar eins og sjálfshatur, sem getur oft á tíðum leitt til sjálfsvígs. Einnig getur þessi mikla reiði orðið til þess að barnið sýni af sér ofbeldisfulla hegðun sem beinist að öðrum börnum (Berliner og Elliott, 2002). Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2003) fjallar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum út frá þremur mismunandi stigum eftir því hversu alvarleg þau eru. Þessi þrjú stig og geta verið allt frá klúrum og óviðeigandi bröndurum, sem flokkast ásamt fleiru í vægasta flokkinn, til munnmaka eða samfara við barn, sem flokkast í alvarlegasta flokkinn. Ásamt því að fjalla um þessi þrjú stig á alvarleika ofbeldis tekur Freydís einnig fram helstu þætti kynferðislegs ofbeldis sem geta haft áhrif á þær afleiðingar sem ofbeldið hefur í för með sér. Það sem getur haft áhrif á afleiðingarnar er hversu alvarlegt ofbeldið er, hversu nákominn gerandinn er barninu, hversu langt tímabilið er sem ofbeldið stendur yfir, hversu oft ofbeldið á sér stað og svo hefur aldur barnsins mikil áhrif á það hverjar afleiðingarnar verða (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

Viðbrögð við frásögn barna um kynferðislegt ofbeldi eru mjög áhrifaríkur þáttur í úrvinnslu afleiðinga en börn velta oft fyrir sér í langan tíma afleiðingum þess að segja frá ofbeldinu, bæði jákvæðum og neikvæðum, áður en þau ákveða að segja loks frá því. Samkvæmt rannsóknum geta afleiðingar ofbeldisins orðið verri ef börn fá ekki þá hjálp

sem þau þurfa eins fljótt og hægt er. Til að vinna að bata þarf misnotkunin að komast upp á yfirborðið og ekki aðeins hvíla á herðum barnsins (Jonzon og Lindblad, 2004). Þau viðbrögð sem barnið fær þegar það ákveður að segja frá misnotkuninni skipta miklu máli, því ef viðbrögðin eru ekki rétt getur barnið hæglega orðið fyrir öðru áfalli og getur aukin vanlíðan í kjölfar þessara neikvæðra viðbragða auðveldlega gert börn berskjaldaðri fyrir frekari misnotkun (Jonzon og Lindblad, 2004).

Ofbeldi gagnvart börnum er veruleiki sem almenningur þarf að gera sér grein fyrir og þurfa því allir að vera á varðbergi gagnvart því og tilkynna það til viðeigandi aðila. Samkvæmt barnaverndarlögum ber öllum þeim sem hafa grun um að barn sé beitt ofbeldi skylda til að tilkynna það til barnaverndarnefndar í því sveitarfélagi sem barnið er búsett. Allir þeir sem vinna með börnum eiga samkvæmt lögum að tilkynna ef grunur kemur upp og gengur tilkynningarskyldan framur öllum siðareglum og trúnaði við skjólstaðinga þrátt fyrir ótta við að upp komist hver hafi tilkynnt um hugsanlegt brot (Barnaverndarlög, 2002). Nauðsynlegt er að börn þekki hver þeirra persónulegu mörk eru og er því áriðandi að efla sjálfsmynd barna þannig að þau hafi þor til þess að segja eitthvað til þess að stöðva hugsanlegt ofbeldi. Sjálfsmynd er sú mynd sem við höfum af okkur sjálfum og ákvarðast af okkur sjálfum og hvernig við sjáum okkur sjálf í samfélaginu. Sjálfsmynd skiptir miklu máli fyrir þroska barns og ákvarðar hvernig því muni vegna í framtíðinni. Sjálfsmynd einstaklings hefur áhrif alla ævi og liggur því fyrir mikilvægi þess að stuðla að því að þróa heilbrigða sjálfsmynd hjá börnum. Það er brýnt að hlusta sé á börn og þau fái að koma skoðun sinni á framfæri. Sjálfsöryggi kemur með jákvæðri sjálfsmynd en barn sem hefur neikvæða sjálfsmynd er oftast óöruggt og óframfærið (Ólög Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006)

Kenna þarf börnum hver þeirra persónulegu mörk um líkama sinn eru og að það eigi að koma fram við þau af virðingu og sýna þeim kurteisi. Gera þarf börnum ljóst að það sé ekki æskilegt að þau eigi einhver slæm leyndarmál með fullorðnum og að það sé í lagi að tala við einhvern fullorðinn sem þau treysta ef það er eitthvað sem þeim líður illa yfir. Börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi er oft sagt af gerandanum að þetta atvik sé leyndarmál sem alls ekki megi segja frá. Því er mikilvægt að börnum sé kennt snemma að leyndarmál eigi að vera eitthvað sem er skemmtilegt og gott en ekki eitthvað sem manni líður illa með að geyma með sjálfum sér (Ólög Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006)

Fram kemur í bókinni *Þetta er líkami minn*, eftir Lory Freeman, að það sé mjög brýnt að það sé útskýrt fyrir börnum að þau beri ekki ábyrgð á gjörðum annarra þannig að þau haldi ekki að það sé þeim sjálfum að kenna að hafa orðið fyrir ofbeldinu og þau haldi ekki að þau hafi getað hindrað ofbeldið sjálf. Það að þau hafi stjórn yfir eigin líkama og tilfinningum getur ekki eitt og sér komið í veg fyrir að þau lendi ekki í ofbeldi (Freeman, 2007).

2.2 Réttindi barna

Á Íslandi eru bæði samtök og stofnanir sem vinna að því að sporna gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum og skapa öruggan farveg fyrir þau börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi til að segja frá og fá viðeigandi aðstoð. Þó bendir ýmislegt til þess að forvarnarstarf gegn kynferðislegu ofbeldi sé ómarkvisst og háð samtökum og einstaklingum sem vilja láta til sín taka. Það fjármagn sem fer í baráttuna gegn kynferðislegu ofbeldi er takmarkað og eftirfylgni með þeim fjármunum frá hinu opinbera til málaflokksins er lítil (Lovísa Arnardóttir, 2013). Á síðustu árum hefur umræðan um ofbeldi gegn börnum hér á landi verið meiri og opnari og eflaust má þar þakka grasrótarsamtökum á borð við UNICEF, Blátt áfram og Stígamót, sem og einstaklinga sem hafa lagt baráttunni lið. Stofnun Barnahúss hefur auðveldað fólki að vita hvert það á að leita ef það hefur vitneskju um að barn sé beitt ofbeldi. Er því óhætt að segja að aukin þekking um hvernig eigi að bregðast við ef grunur um ofbeldi gagnvart barni kviknar er mikilvæg fyrir samfélagið því kynferðislegt ofbeldi er samfélagslegt vandamál og verður að taka á því sem slíku.

Samkvæmt samningi Evrópuráðsins sem Ísland er aðili að, er íslenskum stjórnvöldum skylt að vinna af öllum mætti gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum, en til þess að það sé hægt þarf samhent átak stjórnvalda, menntastofnana, lögreglu og réttarkerfis, fræðasamfélags, velferðarþjónustu, grasrótarsamtaka og samfélagsins í heild sinni (Evrópuráðið, 2007). Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er ekki einungis einstaklingsbundinn vandi heldur er hann einnig í höndum samfélagsins því samfélagið allt þarf að axla ábyrgð svo hægt sé að koma í veg fyrir ofbeldi gagnvart börnum og stuðla að því að byggja upp samfélag án alls ofbeldis (Vitundarvakning, e.d-c).

Fjallað er um réttindi barna víðsvegar, meðal annars í íslenskum lögum, eins og barnaverndarlögum, en samkvæmt þeim gegna barnaverndaryfirvöld mikilvægu hlutverki

í að vernda öll börn, en hér á landi eru það börn og ungmenni undir 18 ára aldri. Lögin eiga að tryggja þessum börnum vernd gegn vanrækslu, líkamlegu-, andlegu- og kynferðislegu ofbeldi í samræmi við lög og alþjóðasáttmála. Barnaverndaryfirvöld eiga jafnframt að tryggja öryggi barna og umönnun ásamt því að sjá til þess að þau búi við góð uppeldisskilyrði. Í 2. gr. barnaverndarlaga segir að það sé með öllu óheimilt að beita barn ofbeldi. Ef börn verða fyrir ofbeldi eiga þau rétt á aðstoð og ávallt skuli hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og taka tillit til þess sem sé þeim fyrir bestu (Barnaverndarlög, 2002).

Ef grunur leikur á að barn búi við ofbeldi er mikilvægt að gripið sé tafarlaust til aðgerða því stuðningur við fjölskyldur og snemmtæk íhlutun getur auðveldlega komið í veg fyrir áframhaldandi ofbeldi eða vanrækslu gagnvart börnum. Foreldrum getur eflaust reynst erfitt að biðja um aðstoð og því þarf að bregðast rétt við þannig að fólk fái stuðning sem allra fyrst heima fyrir eða annars staðar (Steinunn Bergmann, 2010). Ofbeldi gagnvart börnum fékk vaxandi athygli erlendis í byrjun sjöunda áratugar síðustu aldar og má segja að þá fyrst hafi opnast umræðan um að ofbeldi gegn börnum væri með öllu óviðunandi. Í kjölfar þessarar umræðu birtust fyrstu rannsóknarniðurstöður sem sýndu fram á að algengasti vettvangur ofbeldis gagnvart börnum væri fjölskyldan (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Börn á öllum aldri geta orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og síðustu ár hafa komið upp mál þar sem jafnvel mjög ung börn hafa orðið fyrir slíku ofbeldi. Þó eru litlar líkur á að kynferðislegt ofbeldi gagnvart ungbörnum komist upp þar sem þau geta ekki tjáð sig á sama hátt og eldri börn og geta þar af leiðandi ekki tilkynnt um ofbeldið. Samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið á kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum hefur komið í ljós að meðalaldur þeirra barna sem verða fyrir ofbeldinu er í kringum 9-11 ára (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Stelpur eru í miklum meirihluta sem þolendur kynferðislegs ofbeldis og hafa rannsóknir hafa sýnt fram á að stelpur séu allt að þrisvar sinnum líklegri heldur en strákar til að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þó má áætla að tilvik hjá strákum séu fleiri en opinberar tölur gefa til kynna þar sem fræðimenn telja að strákar séu ólíklegri til að segja frá ofbeldinu (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

3 Að segja frá – aðferðir og vinnubrögð

Þrátt fyrir að tölur um tilvik þar sem börn verða fyrir kynferðislegu ofbeldi séu háar er erfitt að segja til um nákvæman fjölda þar sem rannsóknir hafa sýnt að ekki allir þolendur segja frá því ofbeldi sem þeir verða fyrir og mörg mál verða aldrei að barnaverndarmálum eða dómsmálum. Þau börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi hafa oft mikla þörf fyrir að segja einhverjum frá ofbeldinu sem þau verða fyrir en gera það þó oftast ekki (Jonzon og Lindblad, 2004). Mikilvægt er að bregðast rétt við ef barn ákveður að segja frá ofbeldinu sem það hefur orðið fyrir. Þau atriði sem hafa ber í huga ef barn segir frá eru meðal annars það að trúá barninu, hrósa því fyrir að hafa slíkt hugrekki að segja frá ofbeldinu, fullvissa barnið um að ofbeldið hafi ekki verið því sjálfu að kenna, hlusta á barnið en ekki yfirheyra það og tryggja öryggi barnsins. Að auki er mikilvægt að tilkynna málið til barnaverndarnefndar ef grunur leikur á að barnið hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Loks skal hafa í huga að viðbrögð þess sem barnið leitar til hafa áhrif á framtíðarhorfur barnsins og hvernig það vinnur úr afleiðingum ofbeldisins (Barnaverndarstofa, e.d).

Það upplifa allir erfiðleika einhvern tímann á lífsleiðinni, bæði börn og fullorðnir, og upplifir hver einstaklingur erfiðleika á sinn hátt og vinnur úr þeim á mismunandi hátt. Börn eru þó yfirleitt viðkvæmari en fullorðnir og upplifa erfiðleika á annan hátt og því geta sorgarviðbrögð þeirra markað djúp spor í sálarlíf þeirra um ókomna tíð. Börn þurfa að geta talað við einhvern sem þau treysta og veitir þeim hjálp við að takast á við og vinna úr þessari slæmu upplifun (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1996).

Það getur ekki reynst nokkru barni auðvelt að segja frá kynferðislegu ofbeldi og er mjög líklegt að í flestum tilvikum hafi barn þurft að telja í sig kjark í þó nokkurn tíma áður en það þorir að segja frá ofbeldinu og í sumum tilvikum getur komið fyrir að barn hafi sagt frá ofbeldinu án þess að það hafi í raun verið ætlunin. Algengast er að barnið hafi brennandi þörf fyrir að segja frá því sem hefur gerst en gerir það þó sjaldnast. Það er eitt af aðalatriðunum ef barn ákveður að segja frá ofbeldi að brugðist sé rétt við því fyrstu viðbrögð segja mikið um það hvernig barn tekst á við afleiðingar ofbeldisins. Hlusta þarf á barnið og leyfa því að segja frá því sem það vill segja án þess að barnið upplifi að verið sé að yfirheyra það (Umboðsmaður barna, 1995).

Mikill fjöldi barna segir ekki frá ofbeldinu þrátt fyrir að vera spurð og er mjög algengt að börn sem hafa viðurkennt að hafa orðið fyrir ofbeldi dragi það til baka þegar á reynir (London, Bruck, Ceci og Shuman, 2007). Fram kom í rannsókn sem gerð var árið 2007 á börnum sem höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi að ákveðinn hópur barna sem tók þátt í rannsókninni neituðu að hafa orðið fyrir ofbeldinu þegar þau voru spurð út í það í rannsóknarviðtali (Cederborg, Michael, Lamb og Laurell, 2007). Þrátt fyrir það að barn neiti því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi þýðir það ekki endilega að atvikið hafi ekki átt sér stað heldur getur margt haft áhrif á ákvörðun barnsins (Lyon, 2007). Ástæða fyrir því að börn draga það að segja frá getur verið vegna þess að þau skammast sín, finna til sektarkenndar eða jafnvel ásaka sjálf sig fyrir að hafa orðið fyrir ofbeldinu. Þau óttast að þeim verði ekki trúað, þau verði skömmuð eða jafnvel að þeim verði refsað (Barnaverndarstofa, e.d).

Komið hefur í ljós að kyn getur verið áhrifaþáttur í því hvort barn ákveður að segja frá eða ekki en líklegra er að stelpur segi frá kynferðislegu ofbeldi heldur en strákar. Þó er ekki hægt að sjá mikinn mun á kynjunum þegar kemur að líkamlegu ofbeldi. Einnig hefur aldur áhrif á það hvort barn segir frá eða ekki þar sem ólíklegra er að yngra barn segi frá heldur en þau sem eldri eru. Þá eru miklar líkur á að barn segi ekki frá ef gerandinn er forráðamaður eða foreldri barnsins og á það við um jafnt sem yngri og eldri börn. Niðurstöður rannsóknar sem gerð var árið 2007 bendir til þess að þau börn sem verða fyrir líkamlegu ofbeldi séu ólíklegri til að segja frá heldur en börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og getur ein af ástæðunum verið sú að börn eru hrædd við segja til foreldra sinna eða forráðamanna. Þau börn sem lifa við erfiðar fjölskylduáðstæður upplifa oft mikinn ótta við að kennarar og hin börnin í bekknum uppgötvi hvernig aðstæður eru heima hjá þeim og getur það oft orsakað mikinn kvíða og aðra erfiðleika, en með snemmtækri íhlutun er auðveldlega hægt að koma í veg fyrir erfiðleikana (Hershkowitz, Horowitz og Lamb, 2007).

3.1 Persónubrúður

Til þess að ná góðu sambandi við barn er mjög áhrifarík leið að segja þeim sögur en þær virka oft töfrandi fyrir börn. Vel sagðar sögur, sagðar frá eigin brjósti, geta auðveldlega örvað og aukið orðaforða hjá börnum og þannig kennt þeim að nota tungumálið til að

segja frá hugmyndum, reynslu og tilfinningum sínum. Að segja sögu með persónubrúðum er frábrugðið hefðbundnum sögulestri þannig að sagan snýst um brúðuna sjálfa og upplifun hennar. Börnin fá mjög nákvæmar upplýsingar um hverja brúðu, fjölskyldu hennar og upplifun í gegnum sögurnar sem brúðurnar segja (Brown, 2001). Eitt af aðalatriðunum hjá börnum þegar kemur að sögu er að þau hafi gaman af henni, geti einbeitt sér að henni og að þau geti lifað sig inn í söguna. Það er innihald og merking sögunnar sem er aðalatriðið í augum barnanna og ekki er óalgengt að börn vilji heyra uppáhalds sögurnar sínar oft og mörgum sinnum en með því læra börn smám saman að sögur hafa upphaf, miðju og endi (Sigríður J. Þórisdóttir, 1993).

Fordómar geta gert vart við sig snemma á lífsleiðinni þar sem börn geta verið mjög móttækileg fyrir neikvæðum skilaboðum eins og ranghugmyndum, staðalmyndum og óréttlátum viðhorfum gagnvart ákveðnum hópum. Börn læra snemma að sumir hópar eru meira metnir en aðrir. Það læra þau af fullorðnum fyrirmyndum, fjölmiðlum, bókum og jafnvel umhverfinu. Þessi viðhorf sem börn verða fyrir áhrifum af geta auðveldlega viðhaldist ef ekki er gripið inn í sem fyrst (Brown, 2001). Auðvelt er að nota persónubrúður til þess að útskýra fyrir börnum að til séu mismunandi fjölskyldugerðir sem lifa mismunandi lífi. Þannig er því hægt að fræða börn um að fjölbreytileiki fjölskyldna sé jákvæður og hægt er að sýna fram á að það sem er ólíkt þessu venjulega geti einnig verið eðlilegt. Með því að sögurnar byggist á reynslu, fjölskylduháttum, tilfinningum og öðru sem snertir líf barnanna er börnum gert auðveldara fyrir að kynnast brúðunum og tengjast þeim á þann hátt að þau vilji taka þátt í sögunum og segja frá sínum upplifunum hvort sem þær eru ánægjulegar eða sárar (Brown, 2001).

Með því að nota persónubrúður er hægt að efla lífsleikni barna, þjálfra samskiptafærni, byggja upp sjálfstraust og þar af leiðandi styrkja þau í að tjá tilfinningar sínar. Brúðurnar eru ekki leikföng fyrir börnin heldur eru þær tæki til að vinna gegn fordómum og bæta samskipti. Með brúðunum geta kennarar rannsakað og ögrað á skemmtilegan og fræðandi hátt staðalmyndum og fordómum sem geta ýtt undir útilokun og misrétti (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Með sögunum sem persónubrúðurnar segja er börnum gert kleift að setja sig í spor annarra og læra að þau eru ekki þau einu sem upplifa vissar tilfinningar. Þó verða börn að vera búin að læra að þekkja hvað tilfinningar eru og hafa orðin til að tjá sig um tilfinningar áður en þau geta sett sig í spor brúðunnar. Mikilvægt er að börn geti fengið að tjá sig um tilfinningar sínar, hvort sem um ræðir

jákvæðar eða neikvæðar tilfinningar. Sögustundir með brúðunum eru taldar hafa meiri áhrif þegar barnahópurinn er fámennur því líklegra er að í stórum hóp verði börnin eirðarlaus ef þau hafa eitthvað til málanna að leggja og komast ekki fljótlega að. Ef hópurinn er stór getur verið erfitt fyrir kennara að fylgjast með og skynja hvernig hverju barni líður á meðan á sýningunni stendur (Brown, 2001).

Það krefst hæfileika að hugsa á sveigjanlegan og gagnrýninn hátt til þess að geta ráðið fram úr vandamálum, en hlutverk brúðustjórnenda er að geta búið til sögur sem lýsa vandamálum eða annars konar áskorunum sem hægt er að leysa á marga vegu. Í byrjun sýningar þegar persónubrúða á í hlut eru börnin kynnt fyrir brúðunni og tilfinningum hennar. Börn sem upplifa sama eða svipað vandamál og brúðan eiga auðveldara með að setja sig í spor hennar og leiðir það oft til þess að barnið opnar sig fyrir brúðunni og tjáir tilfinningar sínar og jafnvel vandamál sem þau sjálf standa frammi fyrir (Brown, 2001).

3.2 Forvarnarverkefnið *Kids on the block*

Árið 1977 voru samþykkt lög í Bandaríkjunum sem kröfðust þess að börn sem áttu við einhverja fötlun að stríða öðluðust menntun sína í sem minnst takmarkandi umhverfi, sem þýddi að þau börn myndu deila sömu skólastofu og börn sem ekki áttu við fötlun að stríða. Þetta gekk ekki áfallalaust fyrir sig þar sem í skóla einum var nemandi að nafni Anthony, sem átti við heilalömun að stríða, en hann kvartaði undan því að krakkarnir í bekknum hans vildu ekki tala við sig af því að hann væri öðruvísi. Sérkennari Anthonys ákvað því að búa til brúðu sem væri með sömu fötlun og Anthony og fræddi þannig börnin um veikindi hans í gegnum brúðuna. Margt breyttist í bekknum eftir það og urðu börnin skilningsríkari við Anthony (KOTB, e.d-a). Í kjölfarið var stofnaður fræðsluhópur sem hannaði ýmsar leikbrúður sem áttu við ýmiss konar vandamál að stríða og bjó til leikþætti með það fyrir augum að fræða börn um vanmátt, vandamál og mismunandi aðstæður barna (KOTB, e.d-a). Þessum leikbrúðum og leikþáttum var ætlað að mæta þörfum barna sem áttu við einhvers konar erfiðleika eða vanmátt að stríða til þess að auka skilning á aðstæðum barna sem búa við erfiðari aðstæður og til að hjálpa þeim að öðlast viðurkenningu meðal féлага sinna. Frá byrjun verkefnisins hefur orðið mikil aukning á leikþáttum og eru til yfir 40 mismunandi leikþættir um vanmátt, heilsufarsvandamál, félagsleg áhyggjuefni og námserfiðleika barna (KOTB, e.d-a).

Á Íslandi er einungis verið að sýna leikþætti frá *Kids on the block* um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi, en með fræðsluefninu eru börn frædd um slíkt ofbeldi og gera þau meðvituð um þá þjónustu sem er í boði fyrir þau ef þau telja sig búa við ofbeldisfullar aðstæður. Einnig er börnum kennt að skilja tilfinningar sínar og þau hvött til þess að tala um þessar tilfinningar við þá sem þau treysta (Child abuse prevention committee, e.d). Námsefnið er ætlað börnum á aldrinum sjö til tólf ára þrátt fyrir að hér á landi sé fyrst og fremst verið að sýna sjö ára börnum sýninguna. Handritin, sem notuð eru í sýningunum hér á landi, eru þrjú og fjalla öll um mismunandi hliðar líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Þessi handrit eru *Opið hús*, *Okkar á milli* og *Neyðarlínan*. Í sýningunni *Opið hús* er útskýrt hvernig „venjulegir“ pabbar og mömmur meiða stundum börnin sín. Handritið *Okkar á milli* inniheldur þau skilaboð um hvað það sé mikilvægt fyrir börn að segja frá séu þau beitt ofbeldi og hvernig þau geta haldið sig frá hættum. *Neyðarlínan* leitast eftir því að gera börnum ljóst hvað ofbeldi er og hvað það er ekki og er útlistað nákvæmlega um þau atriði sem börn gætu túlkað ranglega sem ofbeldi. Það mikilvægasta við sýningarnar er að börnin fá tækifæri til að ræða við brúðurnar á meðan á sýningu stendur um það sem þau vilja og geta þannig sagt frá einhverju sem brennur á þeim (Blátt áfram, e.d-b).

Þær persónubrúður sem koma við sögu í sýningunum sem sýndar eru hér á landi eru: Stefán, Númi og Jóhanna, samkvæmt íslenskri þýðingu á verkinu (Blátt áfram, e.d-a). Stefán er aðalpersónan í leikþættinum um líkamlegt ofbeldi og er hann 8 ára gamall. Móðir Stefáns hafði beitt hann líkamlegu ofbeldi um tíma með því að lemja hann þegar hún varð reið og nokkrum sinnum kom það fyrir að Stefán þurfti að fara á sjúkrahús vegna alvarlegra áverka. Þegar Stefán sá hvernig foreldrar vana hans beittu aga þá gerði hann sér grein fyrir því að hann bjó ekki við „eðlilegar“ heimilisaðstæður og varð skiljanlega mjög ringlaður og reiður. Hann vissi að hann þyrfti að segja einhverjum frá hvað var að gerast en vildi þó alls ekki koma mömmu sinni í vandræði. Hann ákvað því að segja Lovísu frænku sinni frá því sem var að gerast en því miður trúði hún honum ekki. Stefán varð miður sín yfir að vera ekki trúað en ákvað samt að leita til annars fullorðins einstaklings sem hann treysti en það var Sigrún kennarinn hans. Sigrún hrósaði honum fyrir að vera svona hugrakkur að segja frá og fullyrti að með því að segja frá væri hann ekki að koma mömmu sinni í vandræði heldur væri hann að koma henni úr vandræðum. Því næst fór Sigrún og ræddi við skólastjórann sem ákvað að fara og ræða við félagsþjónustuna um næstu skref. Félagsráðsgjafinn rannsakaði svo málið og mælti hún með því að fjölskyldan fengi hjálp

saman. Fjölskyldan fór því næst til fjölskylduráðgjafa til að vinna úr þeim vandamálum sem ofbeldið hafði valdið þeim (Blátt áfram, e.d-b).

Númi er einnig 8 ára og er einn af bestu vinum Stefáns. Eftir að Stefán segir Núma frá ofbeldinu sem hann hefur orðið fyrir af völdum móður sinnar er Númi hálf ringlaður um hvað ofbeldi gagnvart börnum sé og hvað ekki. Hann hefur því samband við Stefán í tíma og ótíma með alls kyns fullyrðingar um að hann hafi orðið fyrir ofbeldi af mömmu sinni og pabba sem eiga þó ekki við rök að styðjast. En með þessum gamansömu samskiptum við Stefán er betur útskýrt hvað ofbeldi er og skilningur barnanna í salnum eykst (Blátt áfram, e.d-b). Þriðja sögupersónan er svo Jóhanna, en hún er aðalsögupersónan í sýningunni um kynferðislegt ofbeldi. Jóhanna er 11 ára og er nágranni Stefáns, hún býr hjá móður sinni en foreldrar hennar eru skilin. Jóhanna segir í sýningunni hvernig kærasti móður hennar snerti hana á óviðeigandi hátt og hvernig hún fékk hjálp eftir að hún sagði frá ofbeldinu. Jóhanna þjáðist af mjög lágu sjálfsmati eftir að hún lenti í ofbeldinu en hún fær hjálp og er að vinna að því að bæta sjálfsmat sitt. Jóhanna er mjög gott dæmi um að það sé vel hægt að þróa með sér jákvæða sjálfsmynd þrátt fyrir erfiðar heimilisaðstæður (KOTB, e.d-b).

Umræða um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum hefur aukist á síðustu árum og í kjölfarið eru margir foreldrar farnir að sinna þessari fræðslu sjálfir en sökum þess hversu lítið hefur verið rannsakað um hlutdeild þeirra er ekki hægt að segja nákvæmlega til um hvernig og hversu vel foreldrar sinna þessari fræðslu. Þrátt fyrir aukna fræðslu foreldra til barna sinna benda flestar rannsóknir til þess að vænlegast sé að slík fræðsla fari fram í skólum samhliða fræðslu heima fyrir. Með góðri samvinnu skóla og foreldra eru meiri líkur á að góður árangur náist í baráttunni gegn ofbeldi gagnvart börnum (Walsh og Brandon, 2012).

Á síðustu áratugum hefur forvarnarvinna miðast að því að veita börnum verkfæri sem þau geta notað til þess að vernda sig sjálf gegn ofbeldi og fræða þau um hvernig þau geta sjálf sett mörk og sagt nei. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið um slík forvarnarverkefni benda allar til þess að þau bæti við þekkingu barna á kynferðislegu ofbeldi og bæti forvarnarhegðun þeirra. Sumir fræðimenn vilja halda því fram að þau börn sem hafi fengið slíka forvarnarfræðslu séu líklegri til að segja frá kynferðislegu ofbeldi, en þó telja þeir að frekari rannsókn sé þörf til að hægt sé að segja til um hvort slíkt forvarnarstarf skili í raun árangri (Barnett, Miller-Perrin og Perrin, 2005). Samkvæmt rannsóknum eru þeir foreldrar sem hafa einhverja þekkingu á kynferðislegu ofbeldi

gagnvart börnum meðvitaðri um afleiðingar ofbeldisins og eru því líklegri til þess að vinna hörðum höndum að því að búa börnum sínum öruggt umhverfi. Með því geta foreldrar dregið úr líkum á því að barn þeirra lendi í þeim aðstæðum að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi (Wurtele og Kenny, 2010). Það er því auðséð hversu brýnt það er að vinna að forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum og draga þannig úr tíðni þess hér á landi. Mikilvægt er að bera kennsl á einkenni barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi svo hægt sé að vinna úr vandamálum sem fyrst. Þannig er hugsanlega hægt að koma í veg fyrir langvarandi vandamál sem oft geta sprottið upp í kjölfar ofbeldisins.

3.3 Viðhorf kennara gagnvart sýningunni *Krakkarnir í hverfinu*

Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd (2014) gerði rannsókn á því hvernig kennarar hér á landi, sem höfðu fengið sýninguna til sín, mátu sýninguna og ávinning hennar. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvort brúðuleikhúsið *Krakkarnir í hverfinu* hafi leitt til aukinnar umræðu um ofbeldi gagnvart börnum í grunnskólum landsins og hvort sýningarnar hafi orðið til þess að auka þekkingu kennara og annarra starfsmanna á einkennum kynferðislegs ofbeldis. Alls tóku 184 umsjónakennarar barna í öðrum bekk í grunnskólum landsins þátt í rannsókninni en það er 68% af heildarfjölda þeirra (Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2014).

Niðurstöður þeirrar rannsóknar leiddi í ljós að mikill meirihluti kennara var ánægður með sýninguna og töldu sig vera betur í stakk búna til að bregðast rétt við ef grunur kæmi upp um að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en áður en þeir sáu sýninguna. Einnig töldu 36% kennara sig þekkja frekar til einkenna um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi eftir að hafa séð sýninguna. Meirihluti kennaranna hafði fengið forvarnarfræðslu frá Blátt áfram áður en þeir sáu sýninguna eða 65% þeirra. Þeir kennarar sem ekki höfðu fengið fræðslu áður en þeir sáu sýninguna voru ólíklegri til að þekkja einkenni um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi en þeir kennarar sem höfðu áður fengið fræðslu. Það að hegðun barns geti leitt til gruns um kynferðislegt ofbeldi sýnir mikilvægi þess að kennarar og þeir sem starfa með börnum þekki til einkenna sem börn sýna sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi og er því óhætt að fullyrða að mikilvægt er að auka fræðslu um einkenni slíks ofbeldis (Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2014).

Eins og áður kom fram var mikill meirihluti kennara sem tók þátt í rannsókninni ánægður með sýninguna og margir þeirra tóku fram hversu fagmannlega var unnið að sýningunni sjáfrí sem og hversu vel sýningin náði til barnanna sem skilaði sér í ánægju barnanna. Megin niðurstaða rannsóknarinnar bendir til þess að sýningin hafi skilað kennurum betri þekkingu á málefninu og hafi í kjölfarið skapað umræðugrundvöll til þess að ræða opinskátt við börnin um ofbeldi. Þessi forvarnarfræðsla er því góður valkostur fyrir grunnskóla landsins því með sýningunum er hægt að efla vitund kennara og barna um ofbeldi gagnvart börnum og hvetja börn til þess að segja frá og fá hjálp (Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2014).

4 Aðferðafræði

Í þessum kafla er gerð grein fyrir rannsóknaraðferð og hvernig framkvæmd rannsóknarinnar fór fram. Greint verður frá aðferðafræðilegum hluta rannsóknarinnar í fjórum undirköflum. Í fyrsta lagi verður greint frá rannsóknaraðferðum og framkvæmd rannsóknar. Í öðru lagi verður greint frá þátttakendum rannsóknarinnar og í þriðja lagi verður gerð grein fyrir gagnasöfnun rannsóknarinnar og úrvinnslu gagna. Að lokum verður svo fjallað um aðferðafræðileg og siðferðileg álitamál. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á ávinning sýningarinnar *Krakkarnir í hverfinu* og hvaða áhrif sýningin hefur haft á skólasamfélagið að mati leikstjóra Brúðuleikhússins. Einnig var tekið opið viðtal við leikstjóra Brúðuleikhússins, þær Helgu Arnalds og Hallveigu Thorlacius. Lagt var upp með þessar rannsóknarspurningar: *Hvaða áhrif hefur sýningin haft á skólasamfélagið og einstaka nemendur út frá gögnum leikstjóra Brúðuleikhússins? Er hægt að sjá mun á tilvikum á milli ára, bæði varðandi fjölda og mun á milli kynja út frá gögnunum?*

4.1 Rannsóknaraðferðir og framkvæmd rannsóknar

Í þessari rannsókn eru notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir en þær miðast við að ná djúpri þekkingu á upplifun einstaklingsins sem verið er að skoða fremur en að komast að niðurstöðum mælanlegum í tölum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru ein aðferð félagsvísinda til að rannsaka hinn félagslega heim og byggist ýmist á viðtölum, rýnihópum, þátttökuathugunum eða greiningu á fyrirliggjandi gögnum. Eigindlegar aðferðir innihalda ekki tölulega útreikninga, en þó er ekki hægt að fullyrða að aldrei sé talið eða að tölur séu ekki notaðar í eigindlegum rannsóknaraðferðum (Esterberg, 2002). Eigindlegar rannsóknaraðferðir geta byggt á aðleiðslu eða aðferðum grundaðrar kenningar (e. grounded theory) sem þýðir að ekki sé sett fram tilgáta í upphafi rannsóknar líkt og gert er í meginlegum rannsóknum heldur þróast rannsóknarspurningar í rannsóknarferlinu (Esterberg, 2002).

Eigindlegri gagnasöfnun rannsóknarinnar var skipt upp í tvo hluta, fyrri hlutinn var innihaldsgreining á skýrslum, bæði út frá tölfraðilegum upplýsingum sem og eigindlegri greiningu á því sem fram kom í skýrslunum (sjá viðauka 1). Unnið var með gögn sem

safnað hefur verið frá því Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum tók yfir umsjón verkefnisins í byrjun árs 2012 og til loka árs 2013.

Seinni hluti gagnasöfnunarinnar fólst í viðtali við leikstjóra Brúðuleikhússins. Tekið var eitt viðtal við báða leikstjóra Brúðuleikhússins til að fá betri innsýn í verkefnið og tilgang þess. Leitast var eftir því að fá fram sögu verkefnisins og þróun út frá þeirra sjónarhorni og hvaða áhrif sýningin hefur haft. Hálfstaðlaðar spurningar voru lagðar fyrir viðmælendur til að styðjast við í viðtölunum en að öðru leyti gátu þær tjáð sig að vild um viðfangsefni rannsóknarinnar. Með því að nota opin viðtöl leitaðist rannsakandi við að fá fram greinargóða frásögn af upplifun leikstjóra Brúðuleikhússins.

4.2 Þátttakendur

Óbeinir þátttakendur í þessari rannsókn voru öll þau börn sem viðstödd voru sýningar á *Krakkarnir í hverfinu* frá því að forvarnarverkefnið varð að verkefni stjórnvalda frá byrjun árs 2012 og til loka árs 2013. Þau eru óbeinir þátttakendur þar sem ekki var aflað gagna frá þeim beint heldur var notað heimildasafn um viðbrögð þeirra á sýningunum í formi skýrsla sem leikstjórar Brúðuleikhússins fylltu út að lokinni hverri sýningu.

Fjöldi barna sem sáu sýninguna á þessu tveggja ára tímabili er 6817 samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunum en þó vantaði barnafjölda úr sjö grunnskólum fyrir árið 2013 og er því ekki til nákvæm tala yfir öll þau börn sem sáu sýninguna. Því ákvað rannsakandi að leita til leikstjórnenda Brúðuleikhússins og fá þeirra mat á því hversu mörg börn úr þessum grunnskólum voru viðstödd sýningarnar miðað við fyrri sýningar í þessum skólum. Lauslega var áætlað í samráði við leikstjórnendur Brúðuleikhússins að í þessum skólum hafi verið um 238 börn sem að auki hefðu séð sýninguna og eru því um 7055 börn í heildina sem fengu að sjá sýninguna víðs vegar um landið. Meginþátttakendur í þessari rannsókn, þ.e. þeir sem eru uppspretta þeirrar þekkingar sem aflað er, eru leikstjórar Brúðuleikhússins *Krakkarnir í hverfinu*, þær Hallveig Thorlacius og Helga Arnalds. Rannsakandi tók eitt hálf opið eigindlegt viðtal við þær.

4.3 Gagnasöfnun og úrvinnslan gagna

Við túlkun gagna í eigindlegum rannsóknum er stuðst við aðleiðslu og er þá fyrsta verk rannsakanda að safna gögnum og fer úrvinnsla gagnanna fram eftir að öllum gögnum hefur verið safnað og að lokum er umfjöllunin tengd við aðrar rannsóknir á sviðinu (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Tilviksrannsókn er rannsóknaraðferð þar sem eitt tilvik eða fleiri eru rannsökuð. Tilvikin geta verið aðferð, verkefni, einstaklingar eða hópar og er aðaláhersla lögð á að skoða tilvikin og átta sig á eðli þeirra (Rúnar Helgi Andrason, 2003). Opin viðtöl hafa þann tilgang að útskýra fyrirbæri og tilveru fólks en umræðuefnið er fyrirfram ákveðið af rannsakanda en innihald viðtalsins ekki. Þannig er hægt að fá fram ólík sjónarhorn og öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu þátttakenda (Helga Jónsdóttir, 2003).

Gagnasöfnun fór fram í febrúar og mars árið 2014. Fyrsta verk rannsakanda var að fara á sýningu Brúðuleikhússins í grunnskóla í Hafnarfirði til þess að fá innsýn í verkefnið og vera meðvitaður um út á hvað sýningin gengur og hvernig hún fer fram. Næsta verk rannsakanda var að taka viðtal við leikstjóra Brúðuleikhússins og fór það fram á skrifstofu leiðbeinanda í rólegu umhverfi þann 19. febrúar 2014. Í viðtalinu var farið yfir uppruna leiksýningarinnar og hvernig hún hefur að þeirra mati haft áhrif á skólasamfélagið. Stuðst var við opnar spurningar en að öðru leyti gátu viðmælendurnir tjáð sig að eigin vild um þeirra upplifun á sýningunum. Viðtalið var tekið upp stafrænt með samþykki viðmælenda og innihaldsgreint.

Eftir fundinn fékk rannsakandi í hendurnar alls 393 skýrslur sem safnað hafði verið af leikstjórum Brúðuleikhússins frá byrjun árs 2012 til loka árs 2013 og var Excel forritið notað til þess að vinna skipulega úr þeim. Á þessu tímabili voru alls 208 sýningar Brúðuleikhússins í grunnskólum víðs vegar um landið, en hámarks fjöldi barna á sýningu er 50 börn og ef fjöldinn fór yfir það þá þurfti að skipta hópnum upp í tvær sýningar. Í skýrslunum var skilgreint hvenær sýningin var sýnd, hversu mörg börn voru viðstödd sýninguna, hvaða starfsmenn skólans voru viðstaddir sýninguna og hvort fulltrúi Barnaverndar í því sveitafélagi sem sýningin var sýnd hafi verið viðstaddur.

Fram kom í skýrslunum hvort börnin hefðu verið róleg eða óróleg meðan á sýningu stóð og hvort það hefði verið eitthvað um spurningar frá börnunum um það sem fram fór á sýningunni. Þá kom fram í skýrslunum hvort börnin sýndu af sér hegðun sem þætti

eftirtektarverð meðan á sýningu stóð eins og til dæmis ef barn fór að gráta á sýningu, leið augljóslega mjög illa eða ef barn sýndi óvenjumikil svipbrigði. Í skýrslunum kom að auki fram hvort upp kom grunur um að barn hefði orðið vitni að heimilisofbeldi, verið beitt kynferðislegu-, andlegu- eða líkamlegu ofbeldi og einnig grunur um hvort barn hefði orðið fyrir vanrækslu heima fyrir. Þá var líka tekið fram ef grunur um einelti eða vanlíðan barna hafi komið fram meðan á sýningu stóð eða eftir sýninguna. Þegar talað er um grun um að barn hafi verið beitt ofbeldi þá er átt við að barn hafi sagt frá ofbeldi sem það hafi orðið fyrir, annaðhvort á meðan á sýningu stendur eða eftir sýningu. Stundum segja börnin frá á meðan á sýningu stendur og er þá oftast við brúðurnar sjálfar. Oft segja þau frá eftir sýningu eða í framhaldi af sýningunum og þá annaðhvort við Helgu og Hallveigu eða við kennara eða annan skólustarfsmann sem þau treysta fyrir upplýsingunum. Einnig hefur komið fyrir að barn hefur sagt frá því ofbeldi sem það varð fyrir við barnaverndarstarfsmann eftir sýningar.

Í greiningunni voru gögn tilviksrannsóknarinnar borin saman við önnur gögn rannsóknarinnar. Við gagnagreiningu í þessari tilviksrannsókn var notað opna kóðun og skýrustu flokkar gagnanna dregin út en með opinni kóðun eru dregin fram þau atriði í gögnunum sem eru mest áberandi. Ákveðin meginþemu komu í ljós eftir að gögnin höfðu verið lesin vandlega og voru því útbúin greiningarblöð fyrir hvern flokk og samhengi túlkað. Gagnagreining er ferli sem nær yfir allt frá skipulagðri greiningu rannsóknargagna þegar leitað er eftir þeim og yfir í þróun hugmynda af þeim. Með kynningu á niðurstöðum útskýrir rannsakandi hugmyndir sínar um viðfangsefnið (Bogdan og Biklen, 2007).

4.4 Siðferðileg álitamál

Að afla gagna með fjölbreyttum hætti stuðlar að trúverðugleika rannsóknarinnar. Unnið var með fyrirliggjandi gögn og voru þau innihaldsgreind bæði út frá tölfræði sem og eigindlegri greiningu. Þessi fjölbreyttu rannsóknargögn gáfu þannig góða mynd af því hver raunverulegur ávinningur verkefnisins er. Þegar rannsóknir eru gerðar á fólki er mikilvægt að hafa í huga siðferðilega þætti sem kunna að eiga við. Siðferði vísar því til góðrar hegðunar og viðhorfs í samskiptum rannsakanda við þátttakendur rannsóknarinnar og er mikilvægt að enginn hljóti skaða af (McNiff, 2010) Tengsl rannsakanda við þetta

forvarnarverkefni eru engin ef undanskilin er áhugi höfundar á forvarnarstarfi og málefnum barna.

Mikilvægt er að rannsókn uppfylli þær siðferðiskröfur sem gerðar eru til rannsókna og sérstaklega rannsóknir með börnum (Sigurður Kristinsson, 2003). Rannsakandi var meðvitaður um sín eigin gildi og viðhorf og gætti þess sérstaklega að láta þau á engan hátt hafa áhrif á framkvæmd eða niðurstöður rannsóknarinnar. Við úrvinnslu á gögnum rannsóknarinnar voru fjórar höfuðreglur vísindarannsókna ávallt hafðar til hliðsjónar. Fyrsta reglan er sjálfræðisreglan, sem snýr að því að bera virðingu fyrir einstaklingum og sjálfræði þeirra. Því næst er það skaðleysisreglan, sem felur í sér að rannsakandi skuli ávallt komast hjá því að valda þátttakendum skaða. Þriðja reglan er velgjörðarreglan, sem felur í sér að rannsóknin leiði eitthvað gott af sér fyrir þann hóp sem verið er að rannsaka. Fjórða og síðasta reglan er réttlætisreglan en hún kveður á um að ávallt sé sanngirni gætt þar sem áherslan er á að minnihlutahópar séu verndaðir fyrir áhættu (Sigurður Kristinsson, 2003).

Siðferðilegar spurningar í rannsóknum snúast fyrst og fremst um það hvað er gert við þau gögn og upplýsingar sem safnað hefur verið og hvernig þau eru nýtt og er því mikilvægt að huga að því hver hagnast á rannsókninni og hvort hún verður framlag til að efla umræðu og fá fram ný sjónarhorn á viðfangsefnið (Esterberg, 2002).

5 Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og er þeim skipt upp í fjóra undirkafla. Í fyrsta undirkafla verður farið yfir sögu verkefnisins hér á landi og hvernig aðild Vitundarvakningar að verkefninu hófst. Í öðrum undirkafla verður fjallað um helstu niðurstöður úr innihaldsgreiningu skýrslna frá sýningum á *Krakkarnir í hverfinu* sem safnað hafði verið frá byrjun árs 2012 til loka árs 2013. Í þriðja undirkaflanum er fjallað um upplifun kennara af sýningunum og í fjórða og síðasta undirkaflanum verður farið yfir þau atriði sem leikstjórar Brúðuleikhússins telja helstan ávinning sem hlotist hefur af sýningunum hér á landi.

5.1 Saga verkefnisins

Frá því í febrúar 2008 hefur Ísland verið aðili að samningi Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu gegn börnum. Samningurinn var samþykktur í Lanzarote í október 2007 og með honum er íslenskum stjórnvöldum settar þær skyldur að vinna af öllum mætti gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum (Evrópuráðið, 2007). Með samningnum er hvatt til vitundarvakningar um slíkt ofbeldi og að fræðslu sé beint til barna og einnig til þeirra sem eiga samskipti við börn í starfi sínu við menntun, í heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, barnavernd, réttar- og löggæslu og á sviðum sem tengjast íþróttar-, menningar- og frístundastarfi (Vitundarvakning, e.d-c).

Samkvæmt tölfræðiupplýsingum Evrópuráðsins verður eitt af hverjum fimm börnum fyrir kynferðislegu ofbeldi í einhverri mynd og má þá gera ráð fyrir því að í 30 barna bekk séu sex börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í barnæsku. Því er óhætt að segja að kynferðislegt ofbeldi sé alvarleg ógn við líf og heilsu barna um heim allan. Í nýlegri skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi kemur fram að þrátt fyrir að mesta ógn sem steðjar að íslenskum börnum sé kynferðislegt ofbeldi þá sé afar litlu fjármagni varið til forvarna gegn því í samanburði við til að mynda forvarnir gegn vímuefnanotkun. Átak Evrópuráðsins gegn kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri misneytingu gagnvart börnum er því kjörið tækifæri fyrir íslensk stjórnvöld til að láta til sín taka í þessum málaflokki (Lovísa Arnardóttir, 2013).

Meginmarkmið samningsins eru að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu gagnvart börnum á alþjóðavísu. Ákvæði samningsins ná því yfir mjög breytt svið og kveða meðal annars á um fyrirbyggjandi ráðstafanir, sérhæfð yfirvöld, ráðstafanir til að vernda brotþola og veita þeim aðstoð, rannsókn, refsiverða háttsemi, saksókn og réttarfarsreglur, skráningu og geymslu gagna og alþjóðlega samvinnu. Í samningnum er einnig gert ráð fyrir sérstöku eftirlitskerfi sem samanstendur af nefnd samningsaðilanna sem ætlað er að fylgjast með framkvæmd samningsins (Vitundarvakning, e.d-c).

5.1.1 Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum

Í kjölfar undirritunar Íslands að samningi Evrópuráðsins var stofnaður óformlegur samstarfshópur mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis og innanríkisráðuneytis sem tók að sér það verkefni að ákveða hver yrðu næstu skref í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum. Fulltrúar í þessum hóp voru Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra, og Berglind Rós Magnúsdóttir, ráðgjafi mennta- og menningarmálaráðherra (Vitundarvakning, e.d-a). Samstarfshópurinn hafði í byrjun verkefnisins samráð við helstu stofnanir, samtök og einstaklinga sem koma að málefnum barna og hafa lagt baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi lið. Eftir að hafa fundað með þessum aðilum og svo kynnt sér það efni sem gefið hefur verið út á Íslandi um fræðslu til barna um kynferðislegt ofbeldi var niðurstaða samstarfshópsins sú að fræðsla um kynferðislegt ofbeldi þyrfti að eiga sér stað í leikskólum, grunnskólum og einnig í framhaldsskólum landsins. Verksvið Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum er að stuðla að umfangsmiklu forvarnarstarfi gegn ofbeldi gagnvart börnum í samstarfi við viðkomandi aðila. Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum vinnur einnig að því að sjá um rannsóknir er varða ofbeldi gegn börnum og stuðla að aukinni samfélagsvitund um ofbeldi gagnvart börnum (Vitundarvakning, e.d-d).

Fræðsla og forvarnir sem Vitundarvakningin stendur fyrir beinist fyrst og fremst að börnum og fólki sem vinnur með börnum en einnig beinist það að lögreglu og réttarkerfinu sem og að samfélaginu öllu. Það þverfaglega samstarf, sem ráðuneytin þrjú

vinna að, er komið til vegna hversu viðamikil efni sáttmálans er og hvernig skiptingu stjórn málefna er háttað á milli ráðuneyta. Með þessu samstarfi á milli ráðuneyta er reynt að koma í veg fyrir tvíverknað með því að auka upplýsingaflæði og auka samráð um þá málaflokka sem snúa að samfélagslegri vernd barna (Vitundarvakning, e.d-d).

Í byrjun árs 2012 var gerður samningur við brúðuleikarana Hallveigu Thorlacius og Helgu Arnalds um að sýna næstu þrjú árin *Krakkarnir í hverfinu* fyrir öll börn í sjö ára bekk í grunnskólum landsins. Sýningin *Krakkarnir í hverfinu* kemur upphaflega frá Bandaríkjunum og hefur þróað alls kyns leikþætti tengt vanmætti, heilsufarsvandamálum, félagslegu áhyggjuefni og námserfiðleikum barna. Hulda Guðmundsdóttir hafði samband við Hallveigu og Helgu og spurði hvort þær væru til í að æfa upp brúðupátt um ofbeldi gegn börnum til þess að fara með til Noregs á alþjóðlegt þing sérfræðinga um þetta efni. Þær Hallveig og Helga ákváðu að taka verkefnið að sér og fóru með brúðurnar til Noregs og sýndu sýninguna á norsku. Eftir að þær komu aftur heim til Íslands varð ekkert um sýningar hér á landi vegna þess að starfsmenn barnaverndar treystu sér ekki til þess að styðja við hana þar sem þeir töldu bakland ekki vera nógu sterkt. Því fór það svo að brúðurnar fóru niður í geymslu aftur (Hallveig Thorlacius, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

Nokkru síðar frétti Helga af því að Blátt áfram væri að íhuga það að panta brúðurnar og vantaði brúðustjórnendur fyrir sýninguna. Helga setti sig í samband við stofnendur Blátt áfram og tilkynnti þeim það að þær ættu þessar brúður til og því þyrfti ekki að panta þær heldur væru Helga og Hallveig alveg til í samstarf við Blátt áfram (Helga Arnalds, munnleg heimild, 19. febrúar 2014). Upphaflega hafði Rauði Kross Íslands á sínum tíma fjárfest í þessum brúðum fyrir Huldu Guðmundsdóttur þar sem nauðsynlegt var að kaupa réttinn fyrir sýningarnar og handritin. Frá þessum tíma og þar til Blátt áfram kom að þessu var þó búið að uppfæra handritin að sýningunum og var því nauðsynlegt að kaupa ný handrit sem þær létu svo þýða á íslensku (Hallveig Thorlacius, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

Mikill gangur var í verkefninu fyrst þar sem Ungmennafélag Íslands studdi við flestar sýningarnar og nánast fjármagnaði verkefnið (Hallveig Thorlacius, munnleg heimild, 19. febrúar 2014). Til að byrja með ákváðu Helga og Hallveig að reyna að fara ekki í þá grunnskóla sem ekki höfðu fengið fræðslu frá Blátt áfram um kynferðislegt ofbeldi og þeim fannst það koma betur út. Ef kennarar höfðu fengið fræðslu frá Blátt áfram áður þá

voru þeir betur undirbúnir og voru ekki hræddir við að taka við þeim upplýsingum sem fram komu á sýningunum (Helga Arnalds, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

Árið 2007 fóru Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, og Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra, til Lanzarote og undirrituðu þar samning Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri misneytingu gegn börnum. Þegar heim var komið var farið að skoða hvað gæti verið framlag Íslands til þessa verkefnis og Bragi Guðbrandsson, yfirmaður Barnaverndarstofu, stakk upp á því að þetta yrði hluti af þessu átaki sem stjórnvöld settu af stað. Í kjölfar þess gerðu innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti með sér samning um verksvið Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum sem hafði meðal annars það verkefni að stuðla að fræðslu í grunnskólum, þar með talið með samningi við brúðuleikhúsið *Krakkarnir í hverfinu* um sýningar í öllum sjö ára bekkjum í grunnskólum landsins (Hallveig Thorlacius, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

5.1.2 Samstarf Barnaverndar og félagsþjónustunnar við verkefnið

Á þessum tæpum þremur árum sem verkefnið hefur verið leitt af stjórnvöldum hafa verið sýndar fleiri sýningar en frá upphafi hér á landi. Leikstjórar telja að eitt af vandamálum við útbreiðslu sýninganna áður hafi verið að það voru yfirleitt sömu skólarnir sem fengu til sín sýningar og voru því heilu landshlutarnir sem aldrei sóttust eftir að fá til sín sýningar og var því ljóst að mikilvægt var að stjórnvöld veittu stuðning við verkefnið (Hallveig Thorlacius, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

Eftir að verkefnið varð stjórnvaldsaðgerð í byrjun árs 2012 reyndist auðveldara að fá félagsþjónustuna og barnavernd til að taka þátt í verkefninu. Áætla má að það hefði verið árangursríkara að hafa meira samráð við félagsþjónustuna og barnavernd frá upphafi og hefði þannig verið hægt að fá betri innsýn í hvernig þau hefðu getað komið að verkefninu í stað þess að þau yrði skikkuð til að mæta á sýningar. Heillavænlegast fyrir þessar sýningar er að barnavernd og félagsþjónustan séu viðstödd sýningarnar svo hægt sé að fylgja málunum vel eftir og allt sé rétt gert (Helga Arnalds, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

Í Reykjavík eru barnavernd og félagsþjónustan aðskilin og geta því komið upp vafamál á sýningum þegar fulltrúi félagsþjónustunnar er viðstaddur sýningarnar en enginn

fulltrúi frá barnavernd þar sem félagsþjónustan er ekki sá aðili sem vinnur úr þessum málum sem koma upp á sýningum heldur barnavernd. Það er alfarið í höndum barnaverndar að ákveða hvort tiltekin mál verða að barnaverndarmálum eða ekki og þar sem aðild barnaverndar að sýningunum nær einungis yfir tæpan helming sýninga er augljóst að vinna þarf að því að efla barnavernd til þátttöku í þessu forvarnarverkefni.

Af þessum ástæðum var bréf sent til barnaverndar þar sem þess var óskað af velferðarráðuneytinu að barnavernd yrði viðstödd sýningarnar en þau svör fengust þar að vegna manneklu væri því miður ekki hægt að verða við því af hálfu barnaverndar. Barnavernd skrifaði einnig bréf til Brúðuleikhússins þar sem fram kom að þessi sýning yrði ekki verkefni barnaverndar nema sérstök fjárveiting yrði fyrir verkefnið og er það í vinnslu (Helga Arnalds, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

En þrátt fyrir manneklu og skort á fjárstuðningi við barnavernd í Reykjavík er ekki sama sagan hjá barnavernd úti á landi að mati leikstjóra. Viðmót barnaverndarstarfsmanna úti á landi er oft jákvæðara og þau mál sem upp koma eru strax könnuð, jafnvel samdægurs. Sennilega er hægt að áætla að í barnavernd í Reykjavík séu jafnvel of fáir starfsmenn miðað við höfðatölu og eflaust mörg alvarleg mál sem upp koma og taka oft mikinn tíma. Á þessu tímabili sem sýningarnar hafa verið í sýningu hefur orðið mikil breyting á barnavernd á Íslandi að mati leikstjóra og er hún orðin mun öflugri en áður þar sem réttur barnsins er viðurkenndari (Helga Arnalds, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).


Þegar þær Helga og Hallveig byrjuðu með sýningarnar fyrir tæpum átta árum fengu þær oft þá tilfinningu að ekkert yrði gert í þeim málum sem upp komu, sérstaklega úti á landi. Helga nefnir dæmi sér til stuðnings: „Oft var um að ræða lítil samfélög þar sem flestir þekktu hvern annan og voru margir oft að efast um að hinn og þessi gæti gert svona hluti. Jafnvel einhver hræðsla um að tilkynna vegna tengsla við gerandann“ (Helga Arnalds, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

5.2 Innihaldsgreining skýrslna

Unnið var úr gögnum sem safnað hefur verið frá byrjun árs 2012 og til loka árs 2013. Árið 2012 voru sýningarnar alls 72 talsins og voru 62 skólar sem fengu sýninguna til sín, en í sumum skólum var fjöldi barna of mikill svo að hægt væri að halda eina sýningu, en

barnafjöldi á hverja sýningu miðast við hámark 50 börn. Fjöldi barna sem sáu sýninguna yfir allt árið 2012 var 2446. Árið 2013 voru sýningar á Brúðuleikhúsinu alls 136 og fóru þær fram í 121 skólum víðs vegar um landið. Fjöldi barna sem sáu sýninguna árið 2013 var 4613. Þennan mun á milli ára má eflaust rekja til þess að árið 2012 voru mun færri sýningar á Brúðuleikhúsinu sökum þess að verkefnið varð ekki formlega undir umsjón stjórnvalda fyrr en í apríl 2012 og því mun skemmri tími fyrir sýningar á vordögum það árið. Alls komu fram 100 tilvik árið 2012 en árið 2013 komu fram 201 tilvik. Þegar talað er um tilvik er verið að vísa til þess hve oft grunur vaknaði um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi eða orðið vitni af ofbeldi heima fyrir. Bæði árin var algengara að strákar yrðu fyrir ofbeldi en árið 2012 voru 44 tilvik þar sem um var að ræða stráka en 31 tilvik þar sem um var að ræða stelpur. Alls voru 25 tilvik þar sem ekki var greint frá kyni barns. Árið 2013 voru 72 tilvik þar sem um var að ræða stráka en 63 tilvik þar sem um var að ræða stelpur. Alls voru 66 tilvik þar sem ekki kom fram kyn barns.

Á öllum sýningunum nema þremur var bekkjarkennari viðstaddur sýninguna ásamt annaðhvort námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingi, sálfræðingi eða sérkennara. Árið 2012 var starfsmaður barnaverndar í því sveitafélagi sem við á einungis viðstaddur 31 sýningu af þeim 72 sem sýndar voru það árið sem er 43% af sýningunum. Árið 2013 var starfsmaður barnaverndar aðeins á 69 sýningum af þeim 136 sýningum sem sýndar voru sem gerir 51% af sýningum það árið.



Mynd 1 Munur á milli ára á aðkomu barnaverndar

Í skýrslunum var skilgreint hvort ró eða óróleiki hjá börnunum hefði verið á sýningunum. Í miklum meirihluta sýninganna sýndu börn ró á meðan sýningu stóð og í þeim tilvikum þar sem börnin voru óróleg var annaðhvort um að ræða mjög stóran hóp barna eða þá að sýningin var í opnu rými þar sem mikið var um umgang sem truflaði einbeitingu barnanna á sýningunni. Sem dæmi má nefna það sem fram kom í einni af skýrslunum: „Var lítið


spurt fyrri hluta sýningar. Svólítið mikill gegnumgangur og truflun þar sem við vorum staðsettar í rými sem var miðsvæðis“. Á langflestum sýningum var mikið um að börnin spyrðu leikstjórnendur spurninga um sýninguna og um ofbeldið sem fjallað er um á sýningunum.

Mjög algengt var að börn breyttu hegðun sinni meðan á sýningu stóð, svo greinilega að það vakti grunsemdir starfsmanna, en með breyttri hegðun er verið að tala um ef barn fór að gráta á meðan sýningu stóð, leið augljóslega illa eða ef barn sýndi óvenju mikil svipbrigði. Sem dæmi má nefna úr einni skýrslunni lýsingu leikstjóra Brúðuleikhússins:

Ekkert sem kom fram í spurningum barnanna eða því sem þau sögðu en kennarar tóku eftir viðbrögðum sem voru athyglisverð. Ein stúlka sem hefur átt mjög erfitt hefur ekki sagt frá neinu átti mjög erfitt með að horfa á sýninguna. Stúlka sem kvartaði um að vera illt í maganum og óglatt eftir sýninguna.

Á 34 sýningum af þessum 72 sem í heildina voru sýndar árið 2012 var barn eða börn sem breyttu hegðun sinni á meðan á sýningu stóð, þ.e.a.s. svo greinilega að það vakti grunsemdir starfsmanna eða á alls 47% sýninga. Árið 2013 kom það fyrir á 61 sýningu af þeim 136 sem sýndar voru að barn eða börn sýndu af sér hegðun sem vakti grunsemdir starfsmanna og gerir það 45% sem er svipað og árið áður.

Í skýrslunum frá árinu 2012 kom fram að 17 börn sögðu frá því á sýningunum að þau hefðu orðið vitni að heimilisofbeldi en tölur frá árinu 2013 sýna að það árið voru 53 börn sem sögðu frá því að hafa orðið vitni að heimilisofbeldi og er það því mikil fjölgun á milli ára. Sem dæmi má nefna um að barn hafi orðið vitni að heimilisofbeldi: „Einn drengur sagði frá að bæði mamma og pabbi lemdu sig og að þau rífast mikið. Þetta er mál sem grunur var um en ekki vitað alveg. Mun nú vera tilkynnt“.



Mynd 2 Munur á milli ára á tilvikum um grun um heimilisofbeldi

Líkamlegt ofbeldi er algengasta form ofbeldis sem fram kom í skýrslunum bæði árið 2012 og 2013. Grunur um líkamlegt ofbeldi kom 54 sinnum fyrir árið 2012 og er það því um 2% allra þeirra barna sem sáu sýninguna það árið. Algengara var að strákar væru beittir líkamlegu ofbeldi þar sem upp komu 37 tilvik en einungis 17 hjá stelpum. Árið 2013 var einnig algengara að strákar yrðu fyrir líkamlegu ofbeldi en grunur kom upp í 57 tilvika hjá strákum en 34 tilvika hjá stelpum og því kom í heildina upp grunur um líkamlegt ofbeldi í 91 skipti sem gerir 2% þeirra barna sem sáu sýninguna árið 2013. Dæmi um líkamlegt ofbeldi sem kom fram í skýrslunum er sem hér segir:

Ein stúlka sagði ef mamma manns lemur mann hvernig veit maður að það sé óvart. Spurði líka hvað verður um mömmuna ef maður segir frá. Hún hefur oft komið marin og blá í skólann og segir að það sé tvíburabróðir hennar.


Mjög algengt var að börn segðu frá á sýningunum eða eftir sýningar því líkamlega ofbeldi sem þau höfðu orðið fyrir og annað dæmi um líkamlegt ofbeldi sem fram kom í skýrslunum er sem hér segir:

Einn drengur sem talaði um að mamma hans og pabbi væru oft að lemja hann og hann væri orðinn vanur því. Hann talaði líka um að eldri systkini hans væru leiðinleg við hann. Hann sagði líka að eitthvað hefði gerst milli systkina hans sem væri leyndarmál í fjölskyldunni. Hann byrjaði á að segja það kallast bjór að gera svona. Talaði um mikið rifrildi út um allt, inni og úti.

Oftar kom fyrir að börn yrðu fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi föður en móður og sem dæmi má nefna frásögn úr skýrslum frá leikstjórum Brúðuleikhússins:

Tveir drengir sögðu frá að pabbi þeirra lemdi þá. Stúlka sagði frá að pabbi lemdi sig. Við spurðum öll hvort þau hefðu sagt einhverjum frá áður. Stúlkan sagði að hún hefði sagt mömmu sinni. Námsráðgjafinn sagði okkur eftir sýningu að mamma hennar hefði látist fyrir ári síðan og nú býr hún ein með pabba sínum.


Mjög algengt var að það kæmi kennurum í opna skjöldu að barn hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi þar sem enga áverka var hægt að sjá á þeim börnum og sem dæmi úr frásögn úr skýrslunum má nefna: „Tveir drengir sem sögðu frá því að vera beittir líkamlegu ofbeldi á heimilinu. Hvorugt tilvik var eitthvað sem kennarar vissu um. En þetta skýrir ýmislegt fyrir þeim“.



Mynd 3 Munur á milli ára á tilvikum um grun um líkamlegt ofbeldi

Grunur um kynferðislegt ofbeldi þar sem börn sögðu frá því að hafa lent í sömu aðstæðum og brúðurnar í sýningunni kom 11 sinnum fyrir á sýningum árið 2012, 7 tilvik hjá stelpum en 4 hjá strákum. Árið 2013 vaknaði grunur um barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi í 26 tilvikum, 21 tilvik hjá stelpum en einungis 5 hjá strákum sem er mikil aukning á milli ára. Sem dæmi um það kynferðislega ofbeldi sem fram kom í frásögnum barnanna má nefna: „Stúlka sem sagði að hún hefði lent í því sama og Jóhanna. Þetta er mál sem hefur farið fyrir barnavernd og þar var einhver efi um að þetta væri satt“.


Aukning á tilvikum þar sem grunur um kynferðislegt ofbeldi var um að ræða jókst um rétt rúmlega helming á milli ára samkvæmt skýrslunum en þó verður að hafa í huga að sýningar árið 2013 voru mun fleiri en árið 2012. Þrátt fyrir það er óhætt að segja að þessa aukningu á tilvikum verður að taka alvarlega og opna augun fyrir hversu mörg börn lenda í slíku ofbeldi og þurfa á hjálp að halda. Annað dæmi um það hvernig frásögn barns um meint kynferðisofbeldi kom fram er sem hér segir: „Önnur stúlka talaði um að kærasti frænku hennar hefði líka verið svona góður við sig eins og Leó var við Jóhönnu“.



Mynd 4 Munur á milli ára á tilvikum um grun um kynferðislegt ofbeldi

Árið 2012 kom fram á sýningunum grunur um andlegt ofbeldi hjá börnum, 4 tilvik komu fram hjá stelpum en 3 hjá strákum. Örlítið aukning var á milli ára varðandi andlega ofbeldið en árið 2013 voru 12 tilvik sem komu upp og algengara var að drengir yrðu fyrir ofbeldinu þar sem 8 tilvik komu upp hjá drengjum en aðeins 4 hjá stelpum. Sem dæmi má nefna um frásögn af andlegu ofbeldi sem barn hafði orðið fyrir:


Annar drengur sagði frá að pabbi sinn væri alltaf að segja við sig að hann væri vitlaus og hálfviti o.s.frv. Hann sagði líka að afi sinn væri oft að beita hann andlegu ofbeldi og að hann hefði sennilega gert það líka við pabbann. Þessi strákur var mjög skýr og greinilega að segja frá einhverju sem átti við rök að styðjast.



Mynd 5 Munur á milli ára á tilvikum um grun um andlegt ofbeldi

Í skýrslunum kom einnig fram grunur um vanrækslu en það komu aðeins fram 3 tilvik árið 2012 og var um að ræða drengi en engar stelpur. Árið 2013 komu hins vegar fram 6 tilvik, 4 tilvik þar sem stelpur urðu fyrir vanrækslu en 2 tilvik hjá strákum. Hér má sjá dæmi um grun um vanrækslu úr skýrslunum: "Annar drengur sem talaði um mikið rífrildi milli foreldra". En kennarar höfðu á orði að þeir hefðu áhyggjur af þessu tiltekna dreng þar sem eldri systkini hans voru bæði vanrækt og báðir foreldrarnir hafa langa sögu af ofbeldi. Annað dæmi um þá vanrækslu sem grunur vaknaði um að barn hefði orðið fyrir:

Önnur stúlka talaði um að hún væri oft ein heima en það væri allt í lagi. Kennarinn talaði um að það hefði komið fram að hún þyrfti að sækja systkini sín á leikskólann bara 6 ára gömul. Hún sagði við kennarann sinn eftir sýninguna að mamma hennar meiddi hana stundum og öskraði á sig.



Mynd 6 Munur á milli ára á tilvikum um grun um vanrækslu

Ekki var mikið um að upp kæmist um einelti en árið 2012 kom aðeins upp eitt mál og árið 2013 komu upp 3 mál sem tengdust einelti hjá börnum. Mál sem upp komu árið 2012 þar sem börn áttu við mikla vanlíðan að stríða voru 3 en jókst til muna árið 2013 þar sem þau voru 9 það árið. Dæmi um grun um vanlíðan hjá börnum:

Tveir bræður voru á sýningunni sem hafa lent í miklum harmleik. Hafa misst báða foreldra sína og orðið vitni að miklu ofbeldi. En ekki vitað hvort þeir hafi sjálfir verið beittir ofbeldi. Þeir spurðu ekkert en sýndu mikil svipbrigði og litu hver á annan. Eftir sýninguna fann deildarstjórinn annan tvíburanna grátandi undir borði. Hann opnaði sig við hana og fór að tala um þessa atburði í fyrsta sinn eftir að þeir gerðust. Hún sagði að þær væru búnar að bíða eftir því í heilt ár að drengirnir geti opnað sig við þær og treyst þeim fyrir þessum minningum.

Mál sem komið höfðu upp eftir sýningar árið áður voru fjögur og voru þau flest í vinnslu eða lokið. Aðeins kom fram eitt mál sem komið hafði upp eftir fyrri sýningar árið 2012.

5.3 Upplifun kennara

Upplifun kennara af sýningunum var yfirleitt jákvæð en þó kom það fram oftast en einu sinni að þeim fannst skorta samvinnu á milli skólans og félagsþjónustunnar og barnaverndar. Sem dæmi má nefna það sem fram kom í einni af skýrslunum:

Það er algjörlega nauðsynlegt að félagsþjónustan sé í samstarfi við okkur og sendi okkur fólk til að vera viðstatt sýningarnar. Það gerir allan muninn að þau geti gefið kennurum leiðsögn og ráð um þau mál sem koma upp og hvert á að beina þeim eða taka á þeim.

Eftir sýningar á *Krakkarnir í hverfinu* halda leikstjórar sýningarinnar fundi með skólastjórnendum og þeim kennurum og öðrum sem viðstaddir eru sýninguna og ræða hvað kom fram á þeim og annað sem kennarar vilja ræða tengt sýningunni. Mjög misjafnt er hvað kemur fram hverju sinni en samkvæmt skýrslunum er algengt að umræðan snúist

um hlutverk kennara þegar upp kemst um ofbeldi gagnvart börnum. Fræðsla til kennara um málefnið virðist því ekki hafa skilað sér til allra.

Fram kom í nokkrum skýrslum að kennarar voru að velta fyrir sér trúnaðarsambandi við foreldra ef börnin segja eitthvað á leiksýningu en mikilvægt er að leggja áherslu á börnin og velferð þeirra en ekki foreldranna.

Einnig var oft rætt um skort á upplýsingum til kennara varðandi þau mál sem eru í gangi en kennarar virðast oft vera óöryggir um hvernig þeir eiga að meðhöndla þessi börn. Sem dæmi má nefna eina frásögn úr skýrslunum:

Deildarstjóri [...] kvartaði undan því að kennara vantaði úrræði. Mál er í ferli í margar vikur en börnin eru með þeim alla daga og kannski í mikilli vanlíðan. Kennarinn veit sjaldnast hvað er í gangi eftir að mál er farið í ferli og eru oft ráðalausir varðandi það hvernig þeir eiga að meðhöndla börnin. Vantar meira samstarf. Höfum heyrt þetta frá fleirum. Greinilega útbreitt vandamál.

Annað dæmi úr skýrslunum um skort á úrræðum fyrir kennara er sem hér segir: „Deildarstjóri og hjúkrunarfræðingur töluðu um nauðsyn þess að skólarnir fengju upplýsingar um mál sem væru tilkynnt af öðrum aðilum en skólanum til að geta betur haldið utan um nemendur“. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslunum hefur orðið mikil vitundarvakning um það ofbeldi sem börn verða fyrir í samfélaginu og virðist sem svo að sýningin hafi haft mjög vekjandi áhrif á kennara og sérfræðinga. Sem dæmi má nefna frásögn úr einni skýrslunni:

Eitt mál sem kom fram í fyrra þegar við komum með sýninguna þar sem drengur talaði um að faðir hans beitti hann líkamlegu ofbeldi. Þetta mál var kannað í kjölfarið og viðurkenndi faðirinn að vera laus höndin. Málið var ekki tilkynnt heldur lofaði faðirinn að bæta sig. Nú ætla skólastjórnendur að athuga frekar hvort málinu hafi ekki verið fylgt almennilega eftir.

Þrátt fyrir að kennarar væru flestir á því máli að skortur væri á samvinnu á milli barnaverndar og félagsþjónustunnar við skólana og sýningarnar, þá var yfirgnæfandi meirihluti kennara jákvæður gagnvart sýningunum. Flestum fannst sýningarnar skila miklu

út í skólasamfélagið og hefði jákvæð áhrif á börn jafnt sem kennara. Mörg dæmi komu fram í skýrslunum um jákvæð viðbrögð kennara og hér er eitt þeirra:

[...] kennari barnanna talaði um að sýningin skilaði strax árangri bara fyrir það að þau gætu fylgst með börnunum á sýningunni. Fyrir utan fræðsluna sem börnin fá. Svo væri bara enn meiri bónus ef sýningin verður til þess að hjálpa barni að segja frá.

5.4 Ávinningur sýninganna

Helstu breytingar á því hvernig sýningunum var tekið þegar þær Helga og Hallveig byrjuðu með verkefnið fyrir tæpum átta árum og svo þegar Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum tók yfir er að í fyrstu voru viðbrögð kennara hræðsla um hvernig þeir ættu að taka á svona málum. Hér áður var ekki mikið talað um kynferðisofbeldi en umræða hefur breyst til muna og er orðin opnari. Í fyrstu fóru kennarar í hálfgerðt uppnám ef barn sagði eitthvað á sýningu og vissu í raun alls ekki hvað þeir ættu að gera en nú vita kennarar að hverju þeir ganga varðandi sýninguna og hvernig þeir eiga að bregðast við ef upp koma mál sem þarf að tilkynna eða leysa með einhverju móti. Einnig eru nemendaverndarráð í flestum skólum sem vinna að því að halda reglulega fundi þar sem verið er að vinna að því að búa til ákveðinn ramma fyrir starfsfólk um hvernig eigi að vinna úr svona hlutum. Það eru kennarar sem sinna þessum börnum allan daginn og oft börnum sem eru í miklum vanda og er því mikilvægt að kennarar viti hvernig eigi að bregðast við.

Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum stendur fyrir fræðsluþingum um allt land. Þessi þing eru fyrir kennara, sálfræðinga, barnavend, félagsþjónustuna og aðra sem hafa með börn að gera. Á þessum fræðsluþingum sem Vitundarvakningin heldur er verið að fræða kennarana um hvernig eigi að taka á svona málum. Þessi þing eru gjaldfjáls og væri heillavænlegast fyrir alla kennara að fara á námskeið þar sem þeim er kennt hvernig eigi að bregðast við svona málum (Vitundarvakning, e.d-d). Það er mikilvægt að kennarar viti hvernig þeir eigi að bregðast

við ef barn segir frá ofbeldi því það getur hugsanlega verið slæmt ef barnið segir frá einhverju og kennarinn þarf að vísa nemandanum eitthvert annað.

Upp hefur komið að leikstjórar hafi fengið efasemdir um verkefnið eða að það sem þær eru að gera sé til góða en það kom þó oftár fyrir þegar þær byrjuðu með verkefnið heldur en nú til dags. Þær efasemdir sem upp komu voru einna helst að ekki væri tekið nógu vel á þeim málum sem þess þyrftu, en hafa þarf í huga að það er ekki á þeirra ábyrgð að mál endi farsælega heldur er það í höndum barnaverndar og hvernig unnið er úr málum þar. Með þessum sýningum er börnum gert kleift að tjá sig og segja frá ofbeldi sem þau hafa orðið fyrir eða orðið vitni að (Helga Arnalds, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

Viðtökurnar við sýningunum er nánast eingöngu jákvæðar en þó er einn grunnskóli á höfuðborgarsvæðinu sem er tregur að fá sýninguna aftur til sín en ástæðan er sú að upp komst um mál á sýningu í fyrra sem tilkynna þyrfti til barnaverndar. Eftirfylgnin með þessu máli var ekki nógu góð og ekki var unnið nógu vel úr málunum að þeirra mati. Skólastjóri skólans segir að kennarar skólans kæri sig ekki um að fá sýninguna aftur þar sem enginn sé tilbúinn að taka ábyrgð á því sem kemur fram á þeim. Kennarar og skólastjórnendur vilja ekki að börn segi frá og svo sé ekkert gert í málinu. Þetta mál er þó sýningunni til góðs að mati leikstjóranna vegna þess að þetta ýtir undir hvað það er mikilvægt að fulltrúar frá barnavernd séu viðstaddir sýningarnar og fylgi málunum eftir (Helga Arnalds, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

Hins vegar er það oftast þannig að talsverður fjöldi af litlum málum sem upp koma verða hvorki barnaverndarmál né félagsþjónustumál heldur eru unnin farsælega innan skólans. Þar má nefna ýmiss konar vanlíðan hjá börnum og eineltistilburði (Helga Arnalds, munnleg heimild, 19. febrúar 2014).

6 Niðurstöður og umræða

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um upphaf forvarnarverkefnisins *Krakkarnir í hverfinu* og ávinning sýninganna út frá gögnum leikstjóra sýningarinnar, sem og niðurstöður úr gögnum sem safnað hefur verið frá byrjun árs 2012 til loka árs 2013. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á ávinning sýningarinnar og mikilvægi verkefnisins. Hér verður rannsóknarspurningunum svarað auk þess sem niðurstöður rannsóknarinnar verða skoðaðar með fræðin til hliðsjónar. Lagt var upp með rannsóknarspurningarnar: *Hvaða áhrif hefur sýningin haft á skólasamfélagið og einstaka nemendur út frá gögnum leikstjóra Brúðuleikhússins? Er hægt að sjá mun á tilvikum á milli ára, bæði varðandi fjölda og mun á milli kynja út frá gögnunum?*

Til að svara fyrri rannsóknarspurningunni er óhætt að segja að niðurstöður rannsóknarinnar sýna mjög ákveðið að mikið ofbeldi er á börnum á Íslandi og hefur sýningin þau áhrif að hún opnar umræðuna og auðveldar börnum að segja frá ofbeldinu. Niðurstöður benda einnig til þess að sýningin hefur haft mikil áhrif á skólasamfélagið að því leyti að kennarar eru meðvitaðri um hvernig þeir eigi að bregðast við ef upp kemst um ofbeldi í kjölfar sýninganna *Krakkarnir í hverfinu*. Í fyrstu einkenndust viðbrögð kennara yfirleitt af hræðslu við hvernig þeir ættu að bregðast við ef barn segði frá ofbeldi en nú til dags vita kennarar að hverju þeir ganga varðandi sýninguna og hvernig þeir eiga að bregðast við ef upp koma mál sem þarf að tilkynna eða leysa með einhverju móti.

Samkvæmt þeim gögnum sem safnað var við gerð þessarar skýrslu má einnig greina að breytingar sem átt hafa sér stað frá byrjun verkefnisins er aðkoma barnaverndar og félagsþjónustunnar. Í byrjun var aðkoma þeirra ekki mikil, en eftir að verkefnið varð undir stjórn yfirvalda varð aðkoma þeirra meiri. Þrátt fyrir að aðkoma barnaverndar og félagsþjónustunnar sé meiri en áður er þó þörf fyrir frekari aðkomu, en samkvæmt gagnaúrvinnslu á skýrslum kom í ljós að starfsmaður barnaverndar var aðeins viðstaddur um helming þeirra sýninga sem sýndar voru árið 2012 og 2013 eða á 43% sýninga árið 2012 og á 51% sýninga árið 2013. Orðið hefur mikil breyting á barnavernd á Íslandi að mati leikstjóra og er hún orðin mun öflugri en áður þar sem réttur barnsins er viðurkenndari. Ljóst er að farsællegasta útkoman úr þessum sýningum er að barnavernd og félagsþjónustan séu á staðnum á sýningum svo hægt sé að fylgja málunum vel eftir og sjá til þess að allt sé rétt gert. Það er alfarið í höndum barnaverndar að ákveða hvort

tiltekin mál verða að barnaverndarmálum eða ekki og þar sem aðild barnaverndar að sýningunum nær einungis yfir tæplega helming sýninga er augljóst að vinna þarf að því að efla barnavernd til þátttöku í þessu forvarnarverkefni.

Einnig var leitast við að svara rannsóknarspurningunni: *Er hægt að sjá mun á tilvikum á milli ára, bæði varðandi fjölda og mun á milli kynja út frá gögnunum?* Mikil aukning var á tilvikum á milli ára en árið 2012 komu upp 100 tilvik en árið 2013 komu upp 201 tilvik sem er gríðarleg aukning en þó verður að hafa í huga að mun færri sýningar voru sýndar árið 2012 þar sem Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum tók yfir verkefnið seinna um vorið og var því minna svigrúm til sýninga. Bæði árin var algengara að strákar yrðu fyrir ofbeldi en árið 2012 voru 44 tilvik þar sem um var að ræða stráka en 31 tilvik þar sem um var að ræða stelpur. Alls voru 25 tilvik þar sem ekki var greint frá kyni barns. Árið 2013 voru 72 tilvik þar sem um var að ræða stráka en 63 tilvik þar sem um var að ræða stelpur. Alls voru 66 tilvik þar sem ekki kom fram kyn barns.

Mikil aukning á milli ára var á því að börn yrðu vitni að heimilisofbeldi en árið 2012 voru 17 börn sem urðu vitni að heimilisofbeldi og árið 2013 urðu 53 börn vitni að ofbeldi heima fyrir. Þessa aukningu má að einhverju leyti rekja til þess að árið 2013 voru mun fleiri sýningar sýndar heldur en árið 2012 en þó verður að hafa í huga hversu algengt er að börn verði vitni að heimilisofbeldi. Algengasta form ofbeldis sem fram kom í gagnagreiningu á skýrslum frá árinu 2012-2013 var líkamlegt ofbeldi en alls komu upp 54 tilvik í skýrslum frá árinu 2012 og 91 tilvik árið 2013. Ljóst er að þetta er mjög mikil aukning á milli ára en eins og áður segir verður að hafa í huga að sýningar árið 2013 voru mun fleiri en árið 2012 og því er ekki hægt að segja nákvæmlega hver raunveruleg aukning er. Mikill munur var á milli kynja en algengara var að strákar væru beittir líkamlegu ofbeldi og oftast var það af hendi föður.

Kynferðislegt ofbeldi var ekki eins algengt og líkamlegt ofbeldi en þó komu upp 11 tilvik árið 2012 og 26 tilvik árið 2013. Aukning á tilvikum þar sem grunur um kynferðislegt ofbeldi var um að ræða jókst um rétt rúmlega helming á milli ára samkvæmt skýrslunum en þó verður að hafa í huga að sýningar árið 2013 voru mun fleiri en árið 2012. Þrátt fyrir það er óhætt að segja að þessa aukningu á tilvikum verður að taka alvarlega og opna augun fyrir því hversu mörg börn lenda í slíku ofbeldi og þurfa á hjálp að halda. Fyrir bæði árin var mun algengara að stelpur yrðu fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Ekki var mikil aukning á tilvikum um andlegt ofbeldi en árið 2012 voru 7 tilvik og árið 2013 voru 12 tilvik um grun um andlegt ofbeldi gegn börnum. Ekki var mikill munur á milli kynja, en árið 2012 voru fleiri stelpur sem urðu fyrir andlegu ofbeldi en árið 2013 urðu helmingi fleiri strákar fyrir andlegu ofbeldi en stelpur. Tilvik um vanrækslu voru fá árið 2012 eða aðeins 3 tilvik og einungis strákar en árið 2013 voru mun fleiri, eða 10, og voru stelpur í meirihluta. Vanlíðan hjá börnum kom ekki oft fyrir en aðeins komu upp þrjú tilvik árið 2012 en jókst til muna á milli ára og voru þau 9 árið 2013 sem er mikil aukning. Að verða vitni að ofbeldi getur leitt til mikillar vanlíðunar hjá börnum og er því mikilvægt að bregðast fljótt við svo barnið hljóti ekki frekari skaða af.

Samkvæmt niðurstöðum skýrslanna var töluverð fjölgun á tilvikum á milli ára en þó verður að hafa í huga að mun fleiri sýningar voru sýndar árið 2013 en árið 2012 og því ekki hægt að segja nákvæmlega til um hversu mikil aukningin er. Hér er því ljóst að gögnin ná ekki að lýsa nógu vel þeim upplýsingum sem leitast var eftir og því þyrfti að afla frekari gagna um þetta til að svara þeirri spurningu.

Upplifun kennara af sýningunum var að mestu leyti mjög jákvæð en þó kom fram oftast en einu sinni að þeim fannst skorta samvinnu á milli barnaverndar og félagsþjónustunnar við skólann og sýningarnar þar sem oftast kom fram að kennarar voru óöruggir um hvernig þeir ættu að bregðast við ef barn segði frá því að hafa orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi. Að þeirra mati hefðu þeir viljað fá betri leiðsögn áður en sýningarnar væru sýndar í skólunum svo þeir yrðu meðvitaðri um hvernig þeir ættu að bregðast við og taka á málum sem þess þyrftu. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsóknar um mat kennara á sýningunum sem kom út í byrjun þessa árs (Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2014). Er því óhætt að segja að fræðsla til kennara þarf að vera markvissari. Haldin eru sérstök fræðsluþing sem Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum heldur en því miður hefur ekki verið nógu mikil mæting af hálfu kennara. Kennarar höfðu á orði að þeir myndu vilja fá betri upplýsingar um gang mála hjá barnavernd því oft eru mál í gangi hjá börnum sem eru í umsjá þeirra alla daga og mikið óöryggi um það hvernig eigi að meðhöndla þessi börn þar sem þau þjást oft af mikilli vanlíðan. Kennarar höfðu einnig á orði að þeir myndu vilja fá tilkynningu um þau mál sem tilkynnt eru af öðrum en aðilum skólans svo að hægt væri að fylgjast með og hlúa betur að þeim börnum.

Í gagnagreiningu á skýrslunum kom oftast en einu sinni fram jákvæðni í garð sýninganna og höfðu kennarar á orði að sýningarnar hefðu skilað miklu út í skólasamfélagið og haft jákvæð áhrif á bæði börn og kennara. Ljóst er að mikil vitundarvakning hefur orðið í skólasamfélaginu um það ofbeldi sem börn verða fyrir og hefur sýningin haft vekjandi áhrif á kennara og sérfræðinga.

7 Lokaorð

Óhætt er að segja að ofbeldi gagnvart börnum sé alvarleg ógn við líf og heilsu barna um heim allan og er augljóst að mikilvægt er að unnið sé gegn því. Hér á landi eru bæði samtök og stofnanir sem vinna að því að sporna gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum og með aðkomu stjórnvalda að forvarnarverkefninu *Krakkarnir í hverfinu* er stigið skref í rétta átt í þeirri baráttu sem unnið er að gegn kynferðislegu ofbeldi. Það er mikilvægt að vinna að vitundarvakningu um ofbeldi gagnvart börnum því samkvæmt þeim tölum sem fram koma í þessari rannsókn er óhætt að segja að ofbeldi gagnvart börnum er mjög algengt hér á landi.

Ofbeldi gagnvart börnum er veruleiki sem samfélagið þarf að gera sér grein fyrir og er áriðandi að allir séu á varðbergi gagnvart því og tilkynna til viðeigandi aðila ef þeir hafa grun um að barn sé beitt ofbeldi. Börn eru varnar- og valdalaus í samfélaginu og er það því á ábyrgð samfélagsins að vernda börn gegn ofbeldi. Það er áriðandi að gripið sé inn í aðstæður snemma svo hægt sé að vinna úr vandamálum sem fyrst því þannig er hægt að koma í veg fyrir vandamál sem oft geta sprottið upp í kjölfar ofbeldisins. Notkun á brúðum sem forvarnarverkefni fyrir kynferðisofbeldi hefur gagnast vel síðustu ár en með því að nota brúður er hægt að efla samskiptafærni hjá börnum, byggja upp sjálfstraust sem getur þar af leiðandi hvatt þau til þess að tjá tilfinningar sínar.

Sýningarnar á *Krakkarnir í hverfinu* sem sýndar hafa verið í grunnskólum landsins síðustu ár hafa samkvæmt gögnum leikstjóra Brúðuleikhússins leitt til mikilla breytinga á skólasamfélagið og orðið til þess að umræða um ofbeldi gagnvart börnum er orðin meiri og opnari og hefur gert börnum kleift að segja frá því ofbeldi sem þau hafa orðið fyrir. Kennarar hafa flestir fengið fræðslu um það hvernig bregðast eigi við ef upp kemur grunur um að barn hafi verið orðið fyrir ofbeldi og eru að öllu jöfnu mjög ánægðir með sýninguna og þau jákvæðu áhrif sem hún hefur haft á skólasamfélagið. Aðkomu barnaverndar mætti bæta þar sem fram kemur í gögnunum að starfsmaður frá barnavernd var einungis viðstaddur helming af sýningum árið 2012 og 2013 og kemur það einnig skýrt fram í ummælum kennara um það sem betur má fara varðandi sýninguna.

8 Heimildaskrá

- American psychiatric association. (2000). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders-text revision* (4 útgáfa). Washington, DC: APA.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (1996). *Barnasálfræði*. Reykjavík: Mál og menning.
- Barnaverndarlög* nr. 80/2002.
- Barnaverndarstofa. (e.d). *Barnahús*. Sótt af <http://www.bvs.is/media/skjol/file742.pdf>
- Barnett, O., Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (2005). *Family violence across the lifespan: an introduction*. California: Sage publication.
- Berliner, L. og Elliott, D. M. (2002). Sexual abuse of children. Í J. E. B. Myers (Ritstj.), *The APSAC handbook on child maltreatment* (bls. 55-78). Thousand oaks: Sage publications.
- Blátt áfram. (e.d-a). *Ítarefni vegna líkamlegs ofbeldis*. Sótt af <http://www.blattafram.is/Default.asp?Page=311>
- Blátt áfram. (e.d-b). *Krakkarnir í hverfinu - líkamlegt ofbeldi*. Sótt af <http://www.blattafram.is/files/uploads/Kids%20%C3%ADkamlegt%20ofbeldi.doc>
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (2007). *Qualitative research for education: an introduction to theory and methods* (5 útgáfa). Boston: Pearson.
- Brown, B. (2001). *Combating discrimination persona dolls in action*. London: Trentham books.
- Cederborg, A. C., Michael, E., Lamb, M. E. og Laurell, O. (2007). Delay of disclosure, minimization and denial of abuse when the evidence in unambiguous a multivictim case. Í M.E. Pipe, M.E. Lamb, Y. Orbach og A.C. Cederborg (Ritstj.), *Child sexual abuse, disclosure, delay and denial* (bls. 159-175). California: Routledge.
- Child abuse prevention committee. (e.d). *Abuse prevention programs*. Sótt af <http://www.preventchildabuse.ca/KidsontheBlock/AbusePreventionPrograms/tabid/100/Default.aspx>
- Esterberg, G. K. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.
- Evrópuráðið. (2007). *Evrópuráðssamningur um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum*. Sótt af http://www.velferdarraduneyti.is/media/vitundarvakning/Evropuradssamningur_um_varnir_gegn_brotum_a_bornum.pdf.
- Freeman, L. (2007). *Þetta er líkami minn* (6 útgáfa). Reykjavík: Samtökin Barnaheill.

- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 181-190). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2002). Persónubrúður: notkun persónubrúða til að vinna gegn fordómum barna. *Uppeldi*, 15(4).
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-82). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hershkowitz, I., Horowitz, D. og Lamb, M. E. (2007). Individual and family variables associated with disclosure and nondisclosure of child abuse in Israel. Í M.E. Pipe, M.E. Lamb, Y. Orbach og A.C. Cederborg (Ritstj.), *Child sexual abuse, disclosure, delay and denial* (bls. 63-76). California: Routledge.
- Jonzon, E. og Lindblad, F. (2004). Disclosure, reactions and social support: findings from a sample of adult victims of child sexual abuse. *Child maltreatment*, 9(2), 190-200.
- KOTB. (e.d-a). *History of the kids on the block puppets*. Sótt af <http://www.kotb.com/kob2.htg/puppet.html>
- KOTB. (e.d-b). *Joanne Spinoza*. Sótt af http://www.kotb.com/Profiles/Joanne_Spinoza.html
- London, K., Bruck, M., Ceci, S. J. og Shuman, D. W. (2007). Disclosure of child sexual abuse: a review of the contemporary empirical literature. Í M. E. Pipe, M. E. Lamb, Y. Orbach og A. C. Cederborg (Ritstj.), *Child sexual abuse, disclosure, delay and denial* (bls. 11-41). California: Routledge.
- Lovísa Arnardóttir. (2013). *Réttindi barna á Íslandi: ofbeldi og forvarnir*. Reykjavík.
- Lyon, T. D. (2007). Fals denials: overcoming methodological biases in abuse disclosure research. Í M.E. Pipe, M.E. Lamb, Y. Orbach og A.C. Cederborg (Ritstj.), *Child sexual abuse, disclosure, delay and denial* (bls. 41-62). California: Routledge.
- McNiff, J. (2010). *Action research for professional development. concise advice for new and experienced action researchers*. Dorset: September books.
- Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (2007). *Child maltreatment: an introduction* (2 útgáfa). London: Sage Publications.
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2006). *Verndum þau: hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglíngum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd. (2014). *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Brúðuleikhús sem forvarnarfræðsla í skólum, mat kennara*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.
- Rúnar Helgi Andrason. (2003). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 281-293). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Sigríður J. Þórisdóttir. (1993). *Ótrúleg eru ævintýrin: sögur og vísur til málörvunar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161-179). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Steinunn Bergmann. (2010). „Á misjöfnu þrífast börnin...?“ Í Salvör Norðdal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (Ritstj.), *Velferð barna - gildismat og ábyrgð samfélagsins* (bls. 145-154). Reykjavík: Siðfræðistofnun - Háskólaútgáfan.
- Umboðsmaður barna. (1995). *Kynferðisofbeldi*. Sótt af <http://www.barn.is/barn/adalsida/malaflokkar/ofbeldi/kynferdisofbeldi/>
- Vitundarvakning. (e.d-a). *Atburðir tengdir Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum í rétttri tímaröð*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/timalina/>
- Vitundarvakning. (e.d-b). Fræðsluefni. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/fraedsluefni/nr/33531>
- Vitundarvakning. (e.d-c). *Leiðarljós um forvarnir*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/leidarljós/>
- Vitundarvakning. (e.d-d). *Um vitundarvakninguna*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/almennt/>
- Walsh, K. og Brandon, L. (2012). Their children first educators: parent's view about child sexual abuse prevention education. *Journal of child and family studies*, 21(5), 734-746.
- Wurtele, S. K. og Kenny, M. C. (2010). Partnering with parents to prevent childhood sexual abuse. *Child abuse review*, 19(2), 130-152.

Viðauki 1 Sýnishorn af útfylltum skýrslum leikstjóra Brúðuleikhússins

Skóli:		
Viðstaddir:		
Frá skólanum: / Frá félagsþjónustu:		
Stemning á sýningu:	Aðrar upplýsingar:	
Hvað kom fram:		
Fjöldi barna:	Tengiliður:	Dagsetning:

